



Ársskýrsla

Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

2024-2025

Ársskýrsla Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2024-2025

Ritstjórar: Eyrún Jóna Reynisdóttir og Sigríður Lára Guðmundsdóttir

Forsíðumynd er tekin af Þórdísi Þórisdóttur í sameiginlegri vettvangsferð Rósahóps og 1. bekkjar í Álfholtsskóg.

Skýrslan er aðgengileg á vef Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar: <http://skoli.hvalfjardarsveit.is>

Efnisyfirlit

1	Inngangur	5
2	Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar	6
2.1	Hagnýtar upplýsingar um skólann	6
2.2	Breytingar og viðhald	6
3	Skóladagatöl 2024-2025	6
3.1	Skóladagatal Skýjaborgar	7
3.2	Skóladagatal Heiðarskóla	8
4	Starfsmenn	9
4.1	Breytingar í starfsmannahópnum	11
4.2	Stjórnun og verkaskipting.....	11
4.3	Upplýsingaflæði.....	11
4.4	Skipulagsdagar.....	12
4.5	Fundir	13
4.6	Símenntun	14
4.7	Námskeið og ráðstefnur	14
5	Áherslur vetrarins 2024-2025.....	16
5.1	Skólanámskrá	16
5.2	Umhverfismennt	16
5.3	Skólasamstarf 2024 - 2025	18
6	Mat á skólastarfi.....	20
6.1	Innra mat	20
6.2	Ytra mat	20
7	Nám og kennsla	21
7.1	Fjöldi barna í Heiðarskóla	21
7.2	Fjöldi barna í Skýjaborg	21
7.3	Skýrslur Heiðarskóla 2024– 2025	22
	Skýrsla sérkennara.....	22
	Teymisskýrsla yngsta stigs	23
	Teymisskýrsla miðstigs	26
	Teymisskýrsla unglingastigs.....	29
	Skýrsla List- og verkgreinakennara	33
	Skólaíþróttir	36
	Skýrsla náms- og starfsráðgjafa	38
	Íslenskukennsla fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku	39

Skýrsla frá leiðtoga í Byrjendalæsi.....	40
Skýrsla frá umsjónarmanni bókasafns.....	40
Samantekt tölvuumsjónarmanns	41
Skýrsla - tómstund.....	41
Skýrsla - frístund	42
Skýrsla SumarGaman ágúst 2024	42
Skýrsla SumarGaman í júní 2025	43
7.4 Skýrslur Skýjaborgar 2024-2025.....	43
Deildarskýrsla Regnbogans 2024-2025	43
Deildarskýrsla Dropans 2024-2025	45
Skýrsla sérkennslu 2024-2025	48
7.5 Dagar og viðburðir á skólaárinu	49
Skýjaborg49	
Heiðarskóli.....	52
8 Foreldrasamstarf	56
8.1 Skólaráð Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar	56
8.2 Foreldrafélag Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar	57

1 Inngangur

Þessi ársskýrsla inniheldur upplýsingar um starfsemi Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar skólaárið 2024-2025. Markmið skýrslunnar er að gefa sem bestar upplýsingar um skólastarfið. Að gerð skýrslunnar koma allir starfsmenn skólans með einum eða öðrum hætti. Skólastjórar, Eyrún Jóna Reynisdóttir og Sigríður Lára Guðmundsdóttir, ritstýra verkinu.

Skýrslan er send til velferðar- og fræðslunefndar, skólaráðs og foreldrafélags, auk þess sem hún er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Hvalfjarðarsveit, 2025

Eyrún Jóna Reynisdóttir, skólastjóri Skýjaborgar

Sigríður Lára Guðmundsdóttir, skólastjóri Heiðarskóla

2 Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar varð til við sameiningu leikskólans Skýjaborgar og grunnskólans Heiðarskóla undir eina stjórn haustið 2011. Skólinn er rekinn á tveimur starfsstöðvum, leikskólinn í Melahverfi og grunnskólinn við Leirá. Skólinn er grænfánaskóli og leggur áherslu á umhverfis- og náttúruvernd og útinám. Unnið er með byrjenda- og leikskólalæsi. Einkunnarorð skólans eru vellíðan, virðing, metnaður og samvinna.

Skýjaborg er tveggja deilda leikskóli með um 40 börn á aldrinum 1-6 ára. Leikskólinn stendur í Melahverfi í miðri Hvalfjarðarsveit, en mjög stutt er að sækja í ósnortna náttúru allt í kring, móa, kletta og trjágróður. Í leikskólanum er lögð áhersla á leik með opinn efnivið og lýðræði og þátttöku barna í skólalífinu. Unnið er eftir hugmyndafræði John Dewey um nám í gegnum reynslu, kenningum Caroline Pratt um opinn efnivið og kenningum Howard Gardner um fjölgreindir.

Heiðarskóli er grunnskóli með um 90 nemendur í 1. - 10. bekk. Árið 2011 var skólinn fluttur í nýtt húsnæði. Skólinn stendur við Leirá, stutt er í ósnortna náttúru og skemmtileg skólalóð er við skólann. Í skólanum er lögð áhersla á umhverfismennt, útinám, lýðræði og uppeldi til ábyrgðar.

2.1 Hagnýtar upplýsingar um skólann

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar
Heimasíða: www.skoli.hvalfjardarsveit.is

Grunnskólasvið:
Heiðarskóli
301 Akranes
s: 433 8525
Skólastjóri: Sigríður Lára Guðmundsdóttir

Leikskólasvið:
Skýjaborg
Innrimel 1, 301 Akranes
s: 433 8530
Skólastjóri: Eyrún Jóna Reynisdóttir

2.2 Breytingar og viðhald

Skýjaborg: Almennt viðhald.

Heiðarskóli: Almennt viðhald.

3 Skóladagatöl 2024-2025

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar gefur út tvö skóladagatöl, eitt fyrir Skýjaborg og annað fyrir Heiðarskóla. Skóladagatölin eru samræmd eins og kostur er til að mæta þörfum fjölskyldna og skapa möguleika á auknu samstarfi milli sviða. Skóladagatölin eru samþykkt af Skólaráði og Velferðar- og fræðslunefnd Hvalfjarðarsveitar að vori.

3.1 Skóladagatal Skýjaborgar

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskólagatal 2024 - 2025

Nafn leikskóla:

Skýjlaborg

[illegible]

3.2 Skóladagatal Heiðarskóla

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2024 - 2025

Nafn skóla:

Heiðarskóli

AGÚST	SEPTEMBER	OKTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUÁR	MARS	APRIL	MÁI	JÚNÍ
1 S	1 S	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 L	1 L	1 Þ	1 F	1 S
2 M	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M
3 Þ	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 M	3 F	3 L	3 Þ
4 M	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 S	4 F	4 S	4 M
5 F	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 L	5 Þ	5 M	5 F
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F	6 Þ	6 F	6 F	6 S	6 Þ	6 F
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 F	7 M	7 M	7 L
8 S	8 S	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 L	8 L	8 Þ	8 F	8 S
9 F	9 M	9 M	9 V	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M
10 L	10 Þ	10 F	10 K	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 F	10 L	10 Þ
11 S	11 M	11 F	11 A	11 M	11 L	11 Þ	11 Þ	11 S	11 M	11 M
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ	13 F
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 F	14 M	14 M	14 L
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 L	15 Þ	15 F	15 S
16 F	16 M	16 L	16 Þ	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M	16 F	16 M
17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 Þ	17 F	17 M	17 M	17 Þ	17 L	17 Þ
18 S	18 M	18 Þ	18 F	18 M	18 L	18 Þ	18 Þ	18 F	18 S	18 M
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M	19 Þ	19 M	19 F
20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F	20 M	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ	20 F
21 M	21 L	21 Þ	21 F	21 L	21 Þ	21 M	21 F	21 M	21 L	21 L
22 F	22 S	22 M	22 F	22 S	22 M	22 L	22 L	22 Þ	22 F	22 S
23 F	23 M	23 L	23 Þ	23 M	23 F	23 S	23 S	23 M	23 F	23 M
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 L	24 Þ	24 M	24 F	24 L	24 Þ
25 S	25 M	25 F	25 M	25 Þ	25 L	25 Þ	25 Þ	25 S	25 M	25 M
26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 M	26 F	26 M	26 M	26 L	26 Þ	26 F
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 S	27 Þ	27 F
28 M	28 L	28 Þ	28 F	28 M	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 L	28 L
29 F	29 S	29 M	29 F	29 S	29 M	29 L	29 L	29 Þ	29 F	29 S
30 F	30 M	30 S	30 L	30 M	30 F	30 S	30 S	30 M	30 F	30 M
31 L	31 Þ	31 F	31 M	31 Þ	31 F	31 M	31 M	31 L	31 L	31 M

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.
Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hlífðun af kjarasamningum.
Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

4 Starfsmenn

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir stöðugildi og starfsfólk Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar, starfsheiti þeirra, ráðningarhlutfall og helstu athugasemdir varðandi ráðningu og leyfi.

Á skólaárinu störfuðu samtals 48 starfsmenn, allt skólaárið eða að hluta, við Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Þar af voru 7 starfsmenn í leyfi allt skólaárið eða hluta úr skólaárinu.

	Nafn	Starfsheiti:	Ráðningar hlutfall	Athugasemdir:
	Heiðarskóli:			
1	Kristel Ýr Guðmundsdóttir	Frístund	50	
2	Anna Guðrún Guðnadóttir	Stuðningsfulltrúi	78	
3	Anna Rún Þorvaldsdóttir	Stuðningsfulltrúi	71	Í leyfi frá 10.03
4	Berglind Bergsdóttir	Umsjónarkennari	81	
5	Erna Elvarsdóttir	Skólaliði	91	100 á vorönn
6	Erna Rafnsdóttir	Leiðbeinandi	70	
7	Eyrún Sif Ólafsdóttir	Umsjónarkennari	100	
8	Friðbjörg Sigurbjörnsdóttir	Stuðningsfulltrúi og frístund	100	
9	Guðlaug Sara Gunnarsdóttir	Stuðningsfulltrúi		Afleysing í tímavinnu frá 11.03.25 og út skólaárið
10	Halldóra Andrédóttir	Stuðningsfulltrúi	88	
11	Heiða Arnþórsdóttir	Umsjónarkennari	100	
12	Helena Bergström	Grunnskólakennari	100	
13	Hildur Jónsdóttir	Kennari	81	
14	Hjördís Birna Gunnlaugsdóttir	Skólaliði	88	
15	Jóhanna S Vilhjálmisdóttir	Stuðningsfulltrúi	60	
16	Katrín Rós Sigvaldadóttir	Náms- og starfsráðgjafi – kennari	100	Lengst af í 50
17	Kinga Korpak	Stuðningsfulltrúi og skólaliði	94	Hóf störf 1.12.24
18	Ólög Guðmundsdóttir	Sérkennari	81	Þar af 19 í Skýjaborg – leyfi 1.09.23 – 29.02.24
19	Sigríður Kristjánsdóttir	Matráður	100	
20	Sigríður Lára Guðmundsdóttir	Skólastjóri	100	
21	Sigríður Sjöfn Helgadóttir	Sérkennari	100	
22	Sigrún Vigdís Gylfadóttir	Sérkennari	100	
23	Sigurður Tómasson	Umsjónarkennari	100	
24	Sigurður Þ. Sigurþórsson	Aðstoðarskólastjóri	100	
25	Sóley Bára Bergsteinsdóttir	Umsjónarkennari	100	
26	Sólrún Jörgensdóttir	Skólaliði	91	Leyfi frá 24.02.25
27	Sólrún Sigþórsdóttir	Leiðbeinandi	81	
28	Valdís María Stefánsdóttir	Stuðningsfulltrúi og skólaliði	94	Hætti störfum 1.12.24
29	Viktoría Gunnarsdóttir	Stuðningsfulltrúi	71	Hóf störf 7.11.24
30	Þórdís Þórisdóttir	Umsjónarkennari	100	Þar af 19 í Skýjaborg
		Stöðugildi í upphafi skólaárs:	24,05	Þar af 0,4 í Skýjaborg
		Stöðugildi í lok skólaárs:	24,85	Þar af 0,4 í Skýjaborg
	Nafn	Starfsheiti:	Ráðningar hlutfall	

	Skýjaborg:			
1	Agnieszka Aurelia Korpak	Leikskólakennari	100	
2	Aldís Ósk Sævarsdóttir	Háskólamenntaður leiðbeinandi		Leyfi allt skólaárið, sagði upp í kjölfarið
3	Ágústa Rós Jónsdóttir	Leiðbeinandi	100	Hóf störf 2.1.2025
4	Árdís Hauksdóttir	Leiðbeinandi	85	
5	Ásdís Björg Björgvinsdóttir	Deildarstjóri	100	Hóf störf að hausti
6	Bára Tómasdóttir	Deildarstjóri	100	
7	Diljá Marín Jónsdóttir	Leiðbeinandi / leikskólakennaranemi	100	Hóf störf að hausti
8	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Leikskólastjóri	100	
9	Guðbjörg G. Benjamínsdóttir	Matráður	100	Leyfi frá 15.nóv, 50% frá 16. des, leyfi frá 29. jan
10	Helga María Guðmundsdóttir	Leiðbeinandi	46	
11	Ingibjörg Unnur Sigmundsdóttir	Leiðbeinandi	100	Leyfi frá 2.6.2025
12	Karina Alexsandra Podlowska	Leikskólakennari	100	
13	Natalia Moskvychova	Ræstítæknir	38	
14	Pála Svanhildur Geirsdóttir	Leiðbeinandi	80	
15	Sigurbjörg Friðriksdóttir	Leikskólasérkennari	100	
16	Sonja Rut Jóhannsdóttir	Leiðbeinandi og aðstoðarmatráður	85,7 og 14,3	
17	Védís Friða Kristjánsdóttir	Leiðbeinandi	100	
18	Viktoria Pelekh	Matráður	100	Frá 13.2.2025
		Stöðugildi í upphafi skólaárs:	12,8	
		Stöðugildi í lok skólaárs:	13,8	Fjölgun barna

Stöðugildapörf í Skýjaborg reiknaðist eftirfarandi fyrir skólaárið 2024-2025:

	Upphaf skólaárs	Lok skólaárs
Stjórnun	1	1
Eldhús	1	1
Grunnstöðugildi	5,45	6,3625
Sérkennsla	1,75	1,75
Undirbúningur skv. kjarasamningum	1,15	1,15
Undirbúningur leiðbeinenda	0,15	0,15
Afleysing 8,33%	0,7664	0,8424
Tengiliður farsældar	0,1	0,1
Alls	11,3664	12,3549
Stytting vinnuvikunnar: „Alls“ – 1,1375 (ekki stytting á EJR og PP)=X. X/0,875 + 1,1375 = Samtals		
Samtals	12,8276	13,9574

Starf ræstitækis (c. 38%) er ekki inni í stöðugildaútreikningunum.


4.1 Breytingar í starfsmannahópnum

Í Skýjaborg voru Ásdís Björg Björgvinsdóttir og Diljá Marín Jónsdóttir ráðnar frá hausti, Ágústa Rós Jónsdóttir frá janúar og Viktoria Pelekh frá febrúar. Aldís Ósk Sævarsdóttir var í leyfi allt skólaárið og sagði upp í kjölfarið. Guðbjörg G. Benjamínsdóttir var í leyfi frá febrúar og hættir störfum í framhaldi. Sonja Rut Jóhannsdóttir og Pála Svanhildur Geirsdóttir voru í tímabundinni ráðningu og kvöddu við sumarlokun.

Í Heiðarskóla var Kristel Ýr Guðmundsdóttir ráðin í frístund. Sigríður Sjöfn Helgadóttir var fastráðin í stoðþjónustu. Viktoría Gunnarsdóttir var ráðin í tímabundna ráðningu sem stuðningsfulltrúi. Guðlaug Sara Gunnarsdóttir tók að sér afleysingu í tímavinnu sem stuðningsfulltrúi. Valdís María Stefánsdóttir hætti störfum og í hennar stað var ráðin Kinga Korpak.

4.2 Stjórnun og verkaskipting

Skipurit skólans



4.3 Upplýsingaflæði

Upplýsingum frá skólanum er komið á framfæri með ýmsum hætti, m.a. með:

- Skólafréttabréfi sem skólastjórar senda á allt starfsfólk skólans í lok hverrar viku. Bréfið, sem sent er í tölvupósti, inniheldur upplýsingar um hvað er framundan í skólastarfinu.
- Upplýsingum á heimasíðu skólans, en hún er notuð til að koma á framfæri ýmsum fréttum og tilkynningum auk þess sem hún hefur að geyma allar útgefnar skýrslur skólans, skóladagatöl, og hagnýtar upplýsingar.
- Upplýsingapóstur í tölvupósti frá umsjónakennurum til foreldra Heiðarskóla reglulega.

- Fréttabréf frá stjórnendum eða umsjónarkennurum Heiðarskóla einu sinni til tvisvar á skólaárinu.
- Upplýsingapóstur í tölvupósti frá skólastjóra, deildarstjórum og/eða kennurum til foreldra í Skýjaborg reglulega.
- Opnum Facebook síðum Skýjaborgar og Heiðarskóla.

4.4 Skipulagsdagar

Einn sameiginlegur skipulagsdagur/endurmenntunardagur var á skólaárinu.

- 14. ágúst: Skyndihjálparnámskeið. Farið yfir Starfsmannasáttmála Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Að auki var haldinn starfsmannafundur í Skýjaborg og gervigreindarnámskeið í Heiðarskóla.

Í Skýjaborg voru 5 aðrir skipulagsdagar:

- 18. september: Starfsmannafundur þar sem ýmis mál fyrir haustið voru rædd, umhverfisnefndarfundur og deildarfundir.
- 22. október: Starfsmannafundur, deildarfundir og eftir hádegi var sameiginlegt með starfsfólki Hvalfjarðarsveitar: Tölvuöryggisnámskeið og Kynning frá slökkviliði á flóttaleiðum, reykskynjurum, teikningum og fleira ásamt verklegri æfingu í notkun slökkvitækja og eldvarnarteppis
- 2. janúar: Starfsmannafundur, umhverfisnefndarfundur, deildarfundir og Hljóðfyrirlestrar með Guðrúnu Öldu í tengslum við breytingar á aðalnámskrá.
- 25. febrúar: Deildarfundir, starfsmannafundur, fyrirlestur frá Sveinlaugu Sigurðardóttur um útinám og frjálsan leik og eftir hádegi var sameiginlegt með starfsfólki Hvalfjarðarsveitar: Fyrirlestur um lífeyrissjóðsmál.
- 25. apríl: Leikskólaheimsóknir í leikskólann Ugluklett Borgarnesi og Hnoðraból Kleppjárnsreykjum og námskeið hjá Litlu menntabúðinni í Húsafelli; söguganga með leikjaívafi/hópefli/útikennslu.

Í Heiðarskóla voru 13 skipulagsdagar, þar af 5 á starfstíma skólans og 8 utan starfstíma skólans:

- 15. – 21. ágúst: Undirbúningur fyrir skólaárið, skólastjórnendur fóru yfir verkefni vetrarins með hverjum og einum starfsmanni. Námsáætlanir í Mentor og undirbúningur fyrir skólaárið. Teymisfundir og starfsmannafundur.
- 18. september: Kennarar á haustþingi í Borgarnesi, almennir starfsmenn unnu við undirbúning í Heiðarskóla.
- 22. október: Starfsmannafundur; sjálfsmat. Fundur með almennum starfsmönnum, teymisfundir á öllum stigum, tölvuöryggisnámskeið og fyrirlestur frá slökkviliði og æfing í notkun slökkvitækja og eldvarnarteppa.
- 6. janúar: Starfsmannafundur; sjálfsmat og niðurstöður skólapúlsins. Kynning fyrir almenna starfsmenn frá Verkalýðsfélagi Akraness á nýjum kjarasamningi. Teymisfundir, undirbúningur og hver og einn vann í sínum verkefnum.

- 25. febrúar: Starfsmannafundur; sjálfsmat o.fl. Námskeið í indverskri matargerð fyrir matráða fyrir hádegi og fræðsla um lífeyrismál eftir hádegi. Undirbúningur.
- 3. júní: Vitnisburður, frágangur og tiltekt. skýrslugerð, pantanir, undirbúningur fyrir vorhátíð og útskrift 10. bekkinga.
- 4. – 6. júní: Náms- og kynnisferð starfsmanna til Haag í Hollandi, skólaheimsóknir, vísindasafn og safn um mannlíkamann.

4.5 Fundir

Skólastjórn, skipuð skólastjórum og aðstoðarskólastjóra, héldu vikulega samráðsfundi á miðvikudögum kl. 9:05 á teams. Á fundum skólastjórnar var m.a.:

- farið yfir fagleg mál skólans
- unnið að stefnumótun og framfylgd stefnu
- unnið við skipulagningu
- rætt um sameiginleg verkefni
- starfsmannamál
- skýrslugerðir - ársskýrsla - sjálfsmatsskýrsla - skólanámskrá – starfsáætlun.

Í Skýjaborg voru deildarstjórafundir áætlaðir 1x í viku, á þriðjudögum kl. 13-14, sem deildarstjórar og leikskólastjóri sátu. U.þ.b. 1x í mánuði á deildarstjórafundum voru leiðtogafundir með Írisi frá MSHA sem stjórnaði teymisvinnuverkefni. Þá voru deildarfundir einu sinni í viku á mánudögum kl. 10:00-11:00 og fékk hvor deild annan hvorn mánudag, ásamt tíma á skipulagsdögum.

Í Heiðarskóla voru starfsmannafundir að öllu jöfnu einu sinni í mánuði. Kennarafundir voru að öllu jöfnu aðra hvora viku. Örfundir með öllum starfsmönnum voru á þriðjudagsmorgnum kl. 8:00 – 8:10. Sjálfsmatsteymi, læsisteymi og umhverfisteymi funduðu eftir þörfum. Nemendafélag skólans fundaði eftir þörfum. Umhverfisnefnd skólans fundaði að jafnaði einu sinni í mánuði. Fundir með almennum starfsmönnum voru haldnir eftir þörfum. Í tengslum við teymisverkefni sem unnið er undir leiðsögn MSHA voru haldnir vikulegir teymisfundir með öllum sem koma að hverju stigi fyrir sig frá kl. 13:40 – 14:10. Fundirnir voru mjög gagnlegir og almenn ánægja meðal starfsmanna með fyrirkomulagið.

Þrír skólasamstarfsfundir voru haldnir á árinu þar sem skólasamstarfið var skipulagt, farið yfir stöðuna og metið hvernig til tókst.

Haldinn var einn sameiginlegur fagfundur með öllu starfsfólki Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar fimmtudaginn 27. mars frá 16:30-18:30. Yfirskrift fundarins var: **Grunnþáttur menntunar: Sjálfbærni** og kynnti hvert og eitt teymi áherslur í sjálfbærni á sinni deild eða sínu stigi. Dagurinn endaði svo á skemmtierindi frá Jól Sæmundssyni.

Nemendaverndarráðsfundir voru 6 á skólaárinu. Á fundina mættu, félagsmálastjóri, sálfræðingur, náms- og starfsráðgjafi, sérkennarar og skólastjórar Leik- og grunnskóla.

4.6 Símenntun

Markmið er að allt starfsfólk skólans sæki símenntun samhliða starfi til hagsbóta fyrir skólastarfið. Símenntun starfsfólks er ein af forsendum framfara, þess vegna þurfa öll að taka þátt í símenntun sem miðar að því að bæta árangur skólastarfsins. Leitast er eftir því að skilgreindar þarfir skólans og sérstakar óskir starfsfólks um endurmenntun fari saman.

4.7 Námskeið og ráðstefnur

Eftirfarandi símenntun átti sér stað í Skýjaborg:

- 14. ágúst: Skyndihjálparnámskeið. Allt starfsfólk.
- 9. september: Íslenski þroskalistinn. 1 starfsmaður.
- 13. september: Smábarnalistinn. 1 starfsmaður.
- 19. september: Boardmaker vinnustofa. 2 starfsmenn.
- 20. september: Námsstefna FSL. 1 starfsmaður.
- 20.-21. september: Utís online ráðstefna. 1 starfsmaður.
- 23. september og 14. október: TRAS námskeið. 1 starfsmaður.
- 27. september: Menntakvika (á vegum Menntavísindasviðs HÍ). 1 starfsmaður.
- 30. september: Menntaþing (á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytis). 2 starfsmenn.
- 22. október: Tölvuöryggisnámskeið. Allt starfsfólk.
- 22. október: Kynning frá slökkviliði á flóttaleiðum, reykskynjurum, teikningum og fleira ásamt verklegri æfingu í notkun slökkvitækja og eldvarnarteppis. Allt starfsfólk.
- 2. janúar: Hljóðfyrirlestrar með Guðrúnu Öldu í tengslum við breytingar á aðalnámskrá. Allt starfsfólk.
- 27. janúar: Málþing, Farsæld barna til framtíðar. Tveir starfsmenn.
- 19. febrúar: Námskeið fyrir starfsfólk mötuneyta og eldhúsa. Símenntun Vesturlands / Sýni. Einn starfsmaður.
- 25. febrúar: Fyrirlestur frá Sveinlaugu Sigurðardóttur; Útinám og frjáls leikur. Allt starfsfólk.
- 25. febrúar: Fyrirlestur um lífeyrissjóðsmál. Allt starfsfólk.
- 5. mars: Biðtíminn: Þjónusta frá frumgreiningu að athugunarferli á RGR. Einn starfsmaður.
- 20. mars: Fjölbreyttar tjáskiptaleiðir, RGR. Tveir starfsmenn.
- 4. apríl: Morgunverðarfundur RannUng: Viltu koma að leika? Þrír starfsmenn.
- 15. og 16. apríl: Hagnýtar gervigreindarlausnir, Endurmenntun HÍ. Einn starfsmaður.
- 25. apríl: námskeið hjá Litlu menntabúðinni í Húsafelli; söguganga með leikjaívafi / hópefli / útikennslu. Allt starfsfólk.
- 6. maí: Vinnustofa: Öruggara Vesturland. Tveir starfsmenn.
- 10. – 12. Júní: Námskeið: Þú ert sterkari en þú heldur. Tveir starfsmenn.
- Allt skólaárið (frá 2.1.2023): Þriggja ára samstarfsverkefni um teymisvinnu við MSHA. Þrír starfsmenn sitja mánaðarlega leiðtogafundi, aðrir starfsmenn taka þátt sem hluti af teymi sem leiðtogarnir stýra. 9. október fór einn starfsmaður á nýliðanámskeið leiðtoga fyrir teymisvinnu.

Eftirfarandi símenntun átti sér stað í Heiðarskóla, listinn tekur ekki á einstökum námskeiðum sem starfsmenn sóttust eftir að fara á heldur er frekar um áherslur skólans að ræða:

- 14. ágúst: Skyndihjálparnámskeið.
- 15. ágúst: Læsi fyrir lífið, ritun og miðlun, námskeið fyrir kennara.
- 13. september: Læsisstefna á Akureyri, einn starfsmaður.
- 30. september: Trúnaðarmannaping KÍ, einn starfsmaður.
- 30. september: Menntaping, einn starfsmaður.
- 2. október: Æfð rýmingaræfing.
- 10. og 17. október: Barnaheill; námskeið fyrir forvarnarfulltrúa ofbeldis, einn starfsmaður.
- 13. og 14. október: Framhaldsnámskeið fyrir skólastjórnendur, einn starfsmaður.
- 22. október: Tölvuöryggisnámskeið.
- 22. október: Fyrirlestur frá slökkviliði og verkleg æfing í notkun slökkvitækja og eldvarnarteppis.
- 30. október: Fræðsla frá Heyrnar og talmeinastöð Íslands, flestir starfsmenn.
- 31. október: Læsi fyrir lífið, áhorf og ráðgjöf, nokkrir starfsmenn.
- 13. nóvember: Læsi fyrir lífið, áhorf og ráðgjöf, nokkrir starfsmenn.
- 21. nóvember: Læsi fyrir lífið, ritun og miðlun, námskeið fyrir kennara.
- 27. janúar: Málþing um farsæld barna, einn starfsmaður.
- 19. febrúar: Námskeið frá Sýni í indverskri matargerð, tveir starfsmenn
- 25. febrúar: Læsi fyrir lífið, ritun og miðlun, námskeið fyrir kennara.
- 10. og 11. mars: Gervigreindarnámskeið á vegum Endurmenntunar HÍ, einn starfsmaður.
- 11. mars: Læsi fyrir lífið, áhorf og ráðgjöf, nokkrir starfsmenn.
- 27. mars: Félag lesblindra með fyrirlestur fyrir alla starfsmenn.
- 1. apríl: Kvíðanámskeið barna á einhverfurófi, einn starfsmaður.
- 3. apríl: Læsi fyrir lífið, ritun og miðlun, námskeið fyrir kennara.
- 8. apríl: Kvíðanámskeið barna á einhverfurófi, einn starfsmaður.
- 9. apríl: Fræðslufundur í Byrjendalæsi, þrír starfsmenn.
- 28. maí: Læsi fyrir lífið, ritun og miðlun, námskeið fyrir kennara.
- 4. – 9. júní: Náms- og kynnisferð starfsmanna til Haag, skóla- og safnaheimsóknir, 22 starfsmenn.
- Á skólaárinu: 4 starfsmenn fengur ráðgjöf og leiðsögn frá HTÍ.
- Allt skólaárið: 1 starfsmaður var í byrjendalæsisnámi á vegum Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.
- Allt skólaárið: Þriggja ára samstarfsverkefni um teymisvinnu við MSHA. Fimm starfsmenn sitja reglulega leiðtogafundi, aðrir starfsmenn taka þátt sem hluti af teymi sem leiðtogarnir stýra.

5 Áherslur vetrarins 2024-2025

5.1 Skólanámskrá

Skólanámskráin er í stöðugri endurskoðun. Undanfarin tvör ár hefur skólastjórn unnið að uppfærslu á sameiginlega hluta námskrárinnar með tilliti til Menntastefnu Hvalfjarðarsveitar, Heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og breytingum sem orðið hafa á aðalnámskrám leikskóla og grunnskóla. Einstaka kaflar voru síðan sendir til starfsmanna til frekari rýningar og athugasemda. Að lokum fór allur sameiginlegi hlutinn til yfirlstrar af utanaðkomandi aðila. Næsta haust verður námskráin lögð fyrir starfsfólk til frekari rýningar og athugasemda og gefin út í framhaldi.

Í vetur var Skýjaborgarhluti skólanámskrár uppfærður. Í haust verður hlutinn lagður fyrir starfsfólk Skýjaborgar til frekari rýningar og athugasemda og gefin út í framhaldi.

Í haust hefst vinna við að uppfæra Heiðarskólahluta skólanámskrár.

<https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skolastarfid/skolanamskra>

5.2 Umhverfismennt

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar hefur verið í mörg ár þátttakandi í Grænánaverkefni. Hér má sjá yfirlit yfir hvað var gert á skólaárinu á hvoru sviði fyrir sig varðandi umhverfismennt.

Umhverfismennt í Skýjaborg 2024-2025

Umhverfisnefndir skólans eru tvær, annars vegar umhverfisnefnd elsta árgangs skólans og hins vegar umhverfisnefnd alls starfsfólks skólans. Á skólaárinu voru nokkrir skráðir fundir með umhverfisnefnd barna og tveir fundir voru haldnir í umhverfisnefnd starfsfólks. Að auki var ýmislegt annað brallað tengt umhverfismennt sem ekki var skráð í fundargerðir.

Haust 2023 voru sett markmið grænánans til tveggja ára og var því áframhaldandi vinna að aðgerðaráætlun Grænánans. Enginn verkefnastjóri eða umsjónarmaður grænánans var þetta skólaár. Leikskólastjóri aðstoðaði kennara og annað starfsfólk að fylgja eftir aðgerðum.

Í tengslum við þemað hnattrænt jafnrétti var unnið áfram með þjóðerni og/eða uppruna barna og starfsfólks í leikskólanum. Sungið var á fjölbreyttum tungumálum og einn Velkomin fáni/skilti bættist við.

Í tengslum við þemað neysla og úrgangur var margt gert. Í fyrsta lagi tók nýr elsti árgangur (rósahópur) við því hlutverki að fara með rusl á grenndarstöð. Í öðru lagi var unnið að því að endurnýta pappír og hefur markvisst verið unnið að því að nýta pappír vel. Föstudagar voru tileinkaðir endurnýtingu áfram og svo bættust mánudagar einnig við. Einnig var búin til pappír. Keypt voru ný sigti, en þau gömlu voru úr sér genginn. Í þriðja lagi unnið að því að fræðast um hringrásar- og línulegt hagkerfi. Elsti árgangurinn í samvinnu með kennara útbjó fræðslumyndband um að fara með viðeigandi rusl í grenndargámana og kynntu fyrir yngri börnum í leikskólanum. Farið var í matarsóunaráttak. Börnin á Regnboganum vigtuðu afganga sem fóru í ruslið og skráðu niður í tvær vikur. Niðurstöður voru gerðar sýnilegar á

súluriti og ræddar við börnin. Börnin veltu fyrir sér hvað verður um matinn sem fer í úrgangsdallinn sem og hvað þau gætu gert til að koma í veg fyrir matarsóun. Einnig var farið í mjög skemmtilegt verkefni þar sem skoðaður var uppruni ýmissa ávaxta sem við fáum í leikskólanum sem og fleiri sem hægt er að kaupa á Íslandi. Börnunum var sýnt kort af heiminum, farið yfir nöfn heimsálfa og staðsetningu Íslands. Börnin merktu inn á kortið með aðstoð kennara hvaðan ávextirnir komu. Alla daga vikunnar fengu börnin að kynnst útleti og bragði á tveimur ávöxtum og lærðu frá hvaða löndum og heimsálfum þessir ávextir koma og hvar mesta uppskera þeirra er.

Í fjórða lagi var unnið að því að verða plastpokalaus leikskóli. Við höfum í mörg ár unnið að því að vera plastpokalaus leikskóli. Í þó nokkur ár saumuðum við poka úr gömlum bolum. En pokarnir voru farnir að tína tölunni og fengum við lítil viðbrögð þegar við auglýstum eftir gömlum bolum til að sauma fleiri poka. Við tókum því næsta skref og báðum foreldra að koma með og hafa ávallt fjölnota poka í hólfinu undir blaut föt. Það hefur gengið nokkuð vel eftir. Flest börnin eru með poka í hólfinu sínu. Svo voru líkt og síðasta ár útbúin fjölnotabox með börnunum undir gersemar sem finnast úti í náttúrunni, í stað þess að nota plastpoka. Þetta var mjög skemmtilegt verkefni, börnin útbjuggu gersemabox í hópatímum og fóru í framhaldi í göngutúra og söfnuðu sér dýrgripum. Að lokum fóru boxin heim.

Annað sem gert var síðastliðið ár í tengslum við umhverfismennt:

Farið hefur verið í alls kyns göngu- og vettvangsferðir þó við viljum alltaf gera betur. Síðasta sumar fengum við sex sæta fjölburakerru að gjöf frá Ungmenna- og Íþróttafélagi Hvalfjarðarsveitar. Kerran hefur mikið verið nýtt til göngu- og vettvangsferða með yngstu börnin í leikskólanum.

Á degi íslenskrar náttúru í september var farið í göngu í Hundraðekruskóginn okkar og náttúrulegum efnivið safnað; sveppum, könglum, greinum, steinum og blómum. Eftir hádegi voru leikstöðvar í garðinum þar sem leikið var með náttúrulegan efnivið; könglar og blóm í sandkassanum, skeljar og grjón í sullkarinu, útielðhúsið var opið og gerður var sandleir og leikið með ásamt því sem fannst í göngutúrnum.

Í vetur hefur verið uppbygging á hreyfistundum sem boðið hefur verið upp á vikulega ýmist úti eða inni. Unnið hefur verið með árstíðirnar og nýtt það sem mismunandi árstíð gefur okkur, s.s. ber, lauf og litir í haust, snjór, frost og þýðu í vetur og blóm, skordýr, farfuglar og önnur dýr á vormánuðum. Við héldum umferðarvikur og tannverndarvikur. Í könnunarverkefnunum á Regnboga í vetur rannsökuðu hóparnir höfrunga, fiðrildi, regnboga og epli sem er allt eitthvað sem tengist umhverfimennt. Afrakstur mátti sjá á sýningu í Stjórnsýsluhúsinu í maí.

Árlega er einhver gróðursetning hjá okkur. Í vetur var smá leikur með karsa og nú í vor settu börnin niður sólblómafræ. Nýttar voru mjólkurfarnur sem pottar.

Við hugsum vel um fuglana hér í Skýjaborg. Ekki var farið í fuglafóðursgerð en börnin, sérstaklega þau yngri á Dropanum, voru dugleg að gefa fuglunum afgangsbrauð út um gluggann í stað þess að henda.

Eyrún Jóna Reynisdóttir, maí 2025

Skýrsla Umhverfisteymis Heiðarskóla skólaárið 2024-2025

Í umhverfisteymi Heiðarskóla skólaárið 2024-2025 sátu:

- Sigríður Lára Guðmundsdóttir, skólastjóri
- Sigurður Þ Sigurþórsson, aðstoðarskólastjóri
- Helena Bergstöð, listgreinakennari
- Eyrún Sif Óladóttir, umsjónakennari unglingastigi
- Sóley Bára Bergsteinsdóttir, umsjónakennari miðstigi
- Þórdís Þórisdóttir, umsjónakennari yngsta stigi

Helstu verkefni umhverfisteymis er að halda utan um grænfánavinnu skólans, tryggja að markmið séu sett sem snúa að umhverfismennt og umhverfisvernd, undirbúa fundi umhverfisnefndar og sjá til þess að ákvarðanir umhverfisnefndar séu settar í farveg og framkvæmd.

Helstu verkefni umhverfisteymis á skólaárinu voru:

- Halda utan um fundi umhverfisnefndar og koma ákvörðunum í framkvæmd
- Gera gátlista fyrir þemun og setja markmið, lífbreytileiki og náttúruvernd
- Uppskeyra að hausti
- Dagur náttúrunnar, Álfholtsskógi
- Þemavika
- Jól í skókassa
- Matarvigtun fyrir og eftir áramót
- Varðeldur
- Dagur umhverfisins, fjöruhreinsun í Krosslandi
- Survivor, Álfholtsskógi
- Gróðursetningadagur
- Heiðarsóley, umhverfisblað
- Sækja um grænfána, skýrslugerð og umsókn

Heiðarskóli flaggaði sínum 9. grænfána í lok maí og er það til marks um frábært umhverfisstarf sem unnið er í skólanum.

Þórdís, Eyrún, Sóley og Helena, maí 2025

5.3 Skólasamstarf 2024 - 2025

Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk og starfsmanns í Skýjaborg

Í vetur var ég í 20% stöðu við leikskólann á móti umsjónarkennslu 1. og 2. bekkjar við grunnskólann.

Ég hitti börn í elsta árgangi leikskólans á þeim dögum sem ég var í leikskólanum og vann með þeim ýmis verkefni í mál og læsi og leik. Á skólaárinu hafði ég einnig umsjón með því verkefni að endurskoða læsisstefnu leik- og grunnskólans. Einnig fór ég með skólastjóra yfir ákveðna kafla í skólanámskrá Skýjaborgar m.t.t. endurskoðunar á Aðalnámskrá leikskóla.

Skólasamstarf elstu barna og leikskólans var með hefðbundum hætti á skólaárinu. 1. bekkur heimsótti leikskólann 2 sinnum á haustönn, ein skipulögð leikheimsókn og síðan á jólaleikrit.

Sameiginlegar ferðir elsta árgangsins í leikskólanum og 1. bekkjar voru tvær, báðar í skóginn við Furuhlíð í september og í apríl. Börnin voru með sameiginlegt söngatriði sem sýnt var á Fullveldishátíð sem haldin var í Heiðarskóla.

Elstu börnin í leikskólanum komu í Heiðarskóla í skólasamstarf 12 sinnum á skólaárinu og hittu nemendur á yngsta stigi eftir því sem tími gafst til inni og úti.

Vorskóli verðandi 1. bekkinga var 6.- 8. maí í Heiðarskóla. Fyrir vorskólann annaðhvort hitti ég alla foreldra vorskólabarna í leikskólanum eða hringdi ef ég náði ekki að hitta foreldra þar. Vorskólinn gekk vel í alla staði. Elsti hópur leikskólans var með 1. bekk í stofu og fylgdi stundatöflu þess hóps í 3 daga. Greinilegt er að skólasamstarf hefur skilað sér í miklu öryggi verðandi grunnskólanemenda þar sem þau þekkja vel skólahúsnæði, skólalóð, starfsfólk sem og þau hafa haldið tengslum við samnemendur sína og kynnst hefðum og venjum sem gilda í grunnskólanum. Einnig gefst gott tækifæri fyrir starfsmann að kynnast foreldrum barnanna betur þar sem hann hefur tækifæri til að hitta þá í leikskólanum.

Þórdís Þórisdóttir, júní 2025

Skýjaborg í unglingasmiðju Heiðarskóla

Skýjaborg tók á móti unglingum úr Heiðarskóla í unglingasmiðju. Þá mættu nemendur í eitt skipti einn seinnipart frá 14:00-16:00 í Skýjaborg. Þeir byrjuðu á því að fá kynningu á leikskólastarfi frá mér og svo fóru þeir inn á aðra hvora deildina eftir þeirra vali og tóku þátt í leik, nónhressingu og öðru starfi. Þetta samstarf gekk vel.

Eyrún Jóna Reynisdóttir, júní 2025

6 Mat á skólastarfi

Samkvæmt lögum um leik- og grunnskóla ber að framkvæma innra og ytra mat í skólum. Tilgangur mats er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Innra mat verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Innra mat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Innra mat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri. Ytra mat er framkvæmt annars vegar af Velferðar- og fræðslunefnd Hvalfjarðarsveitar og hins vegar af mennta- og barnamálaráðaneytinu.

6.1 Innra mat

Haustið 2024 hóf leik- og grunnskóli að notast við innramatskerfið BravoLesson. Útbúa þurfti nýjar innra mats áætlanir og unnið var eftir þeim í vetur. Í kjölfar innra mats er gerð umbótaáætlun fyrir hvort svið fyrir sig. Niðurstöður matsins og umbótaáætlun er birt í sjálfsmatsskýrslum sviðanna.

6.2 Ytra mat

Ekkert ytra mat var framkvæmt á skólaárinu.

7 Nám og kennsla

Í þessum kafla er farið yfir fjölda barna, nám og kennslu í gegnum skýrslur og helstu daga og viðburði á árinu.

7.1 Fjöldi barna í Heiðarskóla

Í upphafi skólaárs voru 91 nemandi skráður við skólann og 92 í lok skólaársins. Fjöldi nemenda í bekkjum var eftirfarandi:

Bekkur/árgangur	Í upphafi skólaárs	Í lok skólaárs
1. 2018	7	8
2. 2017	10	10
3. 2016	7	7
4. 2015	5	5
5. 2014	18	18
6. 2013	9	9
7. 2012	5	5
8. 2011	8	8
9. 2010	13	13
10. 2009	9	9
Samtals	91	92

Teymiskennsla í skólanum einkennist fyrst og fremst af samvinnu og sameiginlegri ábyrgð kennara um nám og kennslu nemenda. Kennt var í þremur teyimum:

- Yngsta stigsteymi: 1. – 4. bekkur, 29 börn í upphafi skólaárs og 30 í lok skólaárs, umsjónarkennarar Heiða Arnþórsdóttir og Þórdís Þórisdóttir.
- Miðstigsteymi: 5. – 7. bekkur, 32 börn allt skólaárið, umsjónarkennarar Sóley Bára Bergsteinsdóttir og Sigurður Tómasson.
- Unglingastigsteymi: 8. – 10. bekkur, 30 börn allt skólaárið, umsjónarkennarar Berglind Bergsdóttir og Eyrún Sif Ólafsdóttir.

7.2 Fjöldi barna í Skýjaborg

Í Skýjaborg voru börnin í upphafi skólaárs 32 og 35 í lokin. 4 börn hófu leikskólagöngu sína í Skýjaborg haustið 2024. 5 börn hófu leikskólagöngu í Skýjaborg á miðju skólaári. Eitt barn hætti í upphafi skólaárs (innan sviga í töflunni), eitt í október og eitt í nóvember. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá hvernig staðan var í upphafi og lok skólaárs á milli árganga.

Dropinn: 13-14 börn á aldrinum 1-3 ára. Deildarstjóri Bára Tómasdóttir.

Regnboginn: 19-21 börn á aldrinum 3-6 ára. Deildarstjóri Ásdís Björg Björgvinsdóttir.

Árgangur	Alls haustið 2024	Alls vorið 2024
2019	5	5
2020	9	8
2021	3	3
2022	13 (14)	12

2023	2	4
2024		3

Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30 – kl. 16:30. Foreldrar geta valið um að hefja dvöl barnanna milli kl. 7:30 – 9:00. Leikskólinn er gjaldfrjálss milli kl. 9:00 og 14:00. Meðaldvalartími barna (í klst. daglega) í leikskólanum var um 8,0 á haustönn og 8,12 á vorönn (eitthvað breytilegt eftir mánuðum).

7.3 Skýrslur Heiðarskóla 2024– 2025

Skólastjóri óskar eftir skýrslum/samantekt frá hverju teymi fyrir sig, sérkennurum, náms- og starfsráðgjafa, starfsfólki á bókasafni, í tómstund og frístund, tölvuumsjónarmanni og matráði.

Skýrsla sérkennara

Samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008 og lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 ber skólum að sinna námsþörfum hvers nemanda. Sérkennsla beinist aðallega að lestrarfærni, íslensku og stærðfræði, auk eflingar sjálfsmyndar og félagsfærni ásamt öllu því sem upp getur komið hjá hverjum og einum nemanda.

Ólöf Guðmundsdóttir (81%) sinnir sérkennslu á yngsta stigi og er í leikskólanum Skýjaborg einn dag í viku, auk þess að vera tengiliður farsældar. Sigrún Vigdís Gylfadóttir og Sigríður Sjöfn Helgadóttir (báðar í100%) annast sérkennslu á mið- og unglingastigi. Stuðningsfulltrúar veita aðstoð við nemendur á öllum skólastigum.

Á yngsta stigi er áhersla lögð á lestrartengd verkefni og talnaskilning. Kennslan fer fram í litlum hópum, einstaklingslega eða í bekk, eftir þörfum nemenda. Á mið- og unglingastigi er bæði boðið upp á námsver þar sem nemendur vinna verkefni undir leiðsögn sérkennara og stuðningsfulltrúa, ýmist í hópum eða einstaklingslega og aðstoð inn í bekk.

Markmið sérkennslu er að mæta nemendum á þeirra eigin forsendum, námslega og félagslega, svo þeir geti þroskast og dafnað í námi. Sérkennsla er veitt þegar almenn kennsla, námsefni eða námsaðstæður duga ekki til að koma til móts við þarfir nemenda. Hún getur verið tímabundin eða varanleg og fer fram í bekk, námsverum eða öðrum rýmum eftir þörfum hvers og eins.

Nemendur með námsfrávik fá einstaklingsmiðað nám og/eða stuðning í samræmi við mat fagfólks. Lögð er áhersla á vellíðan, öryggi og viðeigandi verkefni fyrir hvern og einn. Unnið er með nemendur í litlum hópum eða einstaklingslega, þar sem þeim líður best og námsaðstæður eru hagstæðar.

Sérkennarar annast skipulagningar á skimunum og greiningum í samstarfi við sálfræðing og talmeinafræðing, skipuleggja kennslu og fylgja eftir þjónustupörfum nemenda í samstarfi við skólastjórnendur, foreldra, umsjónarkennara og aðra sérfræðinga. Áhersla er lögð á samráð og sveigjanleika. Stuðningur er veittur út frá þjónustupörf frekar en greiningu.

Teymisfundir eru haldnir reglulega með aðkomu fagfólks innan og utan skólans. Sérkennarar taka þátt í skipulagi kennslu og stuðnings, veita faglega ráðgjöf og tryggja meðferð trúnaðargagna í samræmi við starfshætti og lög. Endanleg ábyrgð á sérkennslu er í höndum skólastjóra.

Helstu markmið fyrir skólaárið 2025-2026 eru að:

- Að **styrkja samþætta þjónustu innan skólans**, með áherslu á snemmtæka íhlutun og heildræna nálgun sem stuðlar að farsæld og vellíðan allra nemenda.
- Að **efla kennslu og stuðning við tvítyngda og fjöltyngda nemendur**, með markvissum aðferðum og aðlögun námsumhverfisins að þeirra þörfum.
- Að **efla samstarf við foreldra og fagaðila** sem koma að líðan og námsframvindu nemenda, með reglulegu upplýsingaflæði og traustri samvinnu.
- Að **efla fagþekkingu og hæfni sérkennara** til að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda með einstaklingsmiðaða og árangursríka sérkennslu.

Ólöf Guðmundsdóttir, Sigríður Sjöfn Helgadóttir og Sigrún Vigdís Gylfadóttir, maí 2025

Teymisskýrsla yngsta stigs

Grunnupplýsingar: Í teyminu voru tveir umsjónakennarar, Heiða Arnþórsdóttir og Þórdís Þórisdóttir. Heiða kenndi 26 kennslustundir og Þórdís kenndi 21 kennslustundir. Auk þess kenndi Hildur Jónsdóttir 13.25 kennslustundir. Stuðningsfulltrúar á yngsta stigi voru Friðbjörg Sigurbjörnsdóttir og Unnur Tedda Toftum og sinntu þær námshópum eftir þörfum. Sérkennari á yngsta stigi var Ólöf Guðmundsdóttir.

Skipulag innan teymis: Þórdís sá um umsjónakennslu í helstu námsgreinum í 1 og 2. bekk. Heiða sá að mestu um umsjónakennslu í 3. og 4. bekk. Hildur kom að kennslu í 1-4. bekk í samráði við umsjónakennara.

List- og verkgreinakennarar voru: Erna Rafnsdóttir (heimilisfræði og textílmennt), Hildur Jónsdóttir (tónmennt) og Helena Bergström (myndmennt og smíði). Sigurður Sigurbórsson sá um sundkennslu á stiginu og og Sólrún Sigþórsdóttir sá um íþróttakennslu á stiginu.

Þórdís var í leikskólanum á fimmtudögum og Ólöf var í leikskólanum á miðvikudögum.

Verkefni/pemu:

1. og 2. bekkur:

- Lífbreytileiki og náttúruvernd (allur skólinn)
- Sjófuglar
- Þjóðsögur og ævintýri
- Dýr (fuglar, sjávardýr, ánamaðkar)
- Fullveldishátíð, samvinna við leikskólann, Á Sprengisandi
- Jól, þorri, páskar
- Vinátta
- Jákvæður leiðtogi
- Gleðiverkfæri
- Tíminn
- Í sveit og borg
- Persónulýsingar

- Ísland og landnámið
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

3.-4. bekkur:

- Lífbreytileiki og náttúruvernd (þema ársins)
- Sjófuglar
- Landið okkar
- Áttir og kortalestur
- Styrkleikar
- Árstíðir og veður
- Fánar, lönd og heimsálfur
- Vísur og ljóð
- Hafið
- Ísbirnir
- Þorrinn og gömlu mánuðurnir
- Jól - páskar - hrekkjavaka
- Barnasáttmálinn
- Mystery skype
- Árshátíð

Sameiginleg þemu:

- Lífbreytileiki og náttúruvernd í hafinu (allur skólinn)
- Sjófuglar (yngsta stig)

Kennsluhættir: Fjölbreyttir kennsluhættir notaðir. Má þar nefna aðferðir Byrjendalæsis, stöðvavinnu og verklega kennslu. Töluvert var unnið með námsefni í gegnum leik og spil og útinám að hausti og vori. Í tímunum *Sköpun og nám* var unnið með fjölbreytt viðfangsefni eins og skák, skapandi öpp í spjaldtölvu, origami og útileiki.

Upplýsingaflæði: Upplýsingaflæði milli starfsmanna á yngsta stigi var gott. Reglulegir teymisfundir allra í yngstastigsteymi voru vikulega allan veturinn. Einu sinni á skólaárinu voru fundir með öllum sem komu að nemendahópnum auk þess var öðrum kennurum boðið á fundi eftir þörfum. Reglulegir teymisfundir með öllum starfsmönnum á stiginu hafa hjálpað til við að allir séu vel upplýstir um þær áherslur sem eru í starfinu hverju sinni, um skipulag og nemendamál. Vikupóstar kennara til foreldra eru einnig sendir á alla starfsmenn á stiginu.

Náms- og kennsluáætlanir: Námsskipulag tók mið af markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla og áhersluatriðum í skólanámskrá Heiðarskóla. Einstaklingsnámskrár voru gerðar fyrir þá nemendur sem á því þurftu að halda.

Sérstaða skólans:

- **Uppeldi til ábyrgðar.** Unnum bekkjarsáttmála, ræddum hlutverkin, jákvæður leiðtogi, bekkjarfundir reglulega í báðum námshópum.

- **Umhverfismennt:** Mörg fjölbreytt verkefni unnin t.d. í gegnum þemu, útikennslu og með sérstökum verkefnum tengdum náttúru og umhverfi. Áhersla á náttúruvernd og lífbreytileika var í grænánaveirkefninu og var leitast við að leggja áherslu á það í námshópum t.d. með því að horfa á fjölbreytta dýralífsþætti og samþættingu við íslensku.
- **Gildi skólans:** Gildi skólans voru höfð til hliðsjónar við skipulag alls náms og unnið sérstaklega með þau á bekkjarfundum.

Lykilhæfni og grunnþættir menntunar: Þættir eins og heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, sjálfbærni, jafnrétti og sköpun fléttuðust víða inn í kennsluna og sérstaklega fjallað um í tengslum við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Áhersla á læsi og lestrarfærni var mikil á stiginu og því fylgt eftir með fræðslu til foreldra og fjölbreyttum heimalestrarverkefnum. Samvinna við heimilin hvað varðar læsi var á heildina litið til fyrirmyndar en í einstaka tilvikum verulega ábótavant.

Unnið var sérstaklega með lykilhæfni í nokkrum völdum verkefnum þar sem nemendur unnu þvert á námshópa.

Stuðningur stjórnenda, endurgjöf, bjargir og ráðgjöf: Stuðningur stjórnenda við skólastarfið var góður. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri komu einu sinni í heimsókn til að taka út kennsluhætti, skólastjóri kom reglulega inn til að sinna virku upplýsingaflæði auk innlits af og til í kennslustundir.

Einn kennari á stiginu sat í leiðtogateymi í teymisvinnuverkefni á vegum MSHA og fékk ýmsar bjargir og ráðgjöf varðandi skipulag og uppsetningu teymisfunda ásamt verkfærum til að greina og leysa vanda er upp kann að koma í skólastarfi og til að efla traust í teyminum.

Allir kennarar sátu námskeið á vegum MSHA sem heitir *Læsi fyrir lífið*.

Samstarf við önnur teymi: Lítið reglulegt samstarf var við önnur teymi. Miðstignemendur komu einu sinni og aðstoðuðu við kennslu.

Vettvangsferðir:

Sameiginlegar ferðir:

- Haustferð í Ölver
- Vorferð á Landbúnaðarsafnið og skógrækt við Hvanneyri
- Haustferð með skólanum í Álfholtsskóg
- Dagur umhverfisins í Krosslandi og Miðgarði
- Vorferð með skólanum í Álfholtsskóg, Survivor dagur

1.bekkur:

- Fannahlíð að hausti og vori með leikskólanum
- Heimsóknir í Skýjaborg að hausti og á jólaaleikrit

3. bekkur:

- Heimsókn í Skýjaborg, lestur fyrir leikskólabörn

Gestir og fyrirlesarar:

- Sigurbjörn Hallsson og Hlynur Sigurdórsson komu og upplýstu um framkvæmdir og öryggismál varðandi framkvæmdasvæði við nýtt íþróttahús við Heiðarborg
- Gunnar Helgason kom og las af tilefni Degi íslenskrar tungu
- Slökkvilið með fræðslu í 3. bekk
- Samfélagslögreglan kom í heimsókn 2 sinnum á skólaárinu
- Kiwanis gaf 1. bekkingum hjólahjálma

Ábendingar: Útlit er fyrir að tveir námshópar verði á stiginu á næsta skólaári. Við teljum mjög mikilvægt að stuðningsfulltrúi fylgi hvorum námshópi allan daginn. Af fenginni reynslu óskum við eftir því að einungis verði gert ráð fyrir einni hringekju á stiginu sé þess þörf. Passa þarf upp á að umsjónakennarar hafi góðan samfelldan tíma með sínum umsjónahópi og að ekki séu of margir kennarar með einn námshóp.

Lokaorð: Skólaárið hefur gengið að mestu leyti mjög vel og bæði nemendur og starfsfólk sammála um að veturinn hafi verið skemmtilegur og árangursríkur. Nokkuð vel hefur tekist að koma til móts við fjölbreyttar og ólíkar þarfir nemenda sem hefur skilað sér í auknum framförum þeirra.

Heiða Arnþórsdóttir, Þórdís Þórisdóttir og Hildur Jónsdóttir, maí 2025

Teymisskýrsla miðstigs

Grunnupplýsingar: Sigurður Hinrik Tómasson (22,75 kest.) og Sóley Bára Bergsteinsdóttir (20 kest.) voru umsjónarkennarar. Sérkennari var Sigríður Sjöfn Helgadóttir. Katrín Rós Sigvaldadóttir (4 kest.) og Helena Bergström (7,5 kest.) kenndu einnig á miðstiginu. Til stuðnings við einstaka nemendur og hópinn í heild voru Anna Guðrún Guðnadóttir, Jóhanna Sigríður Vilhjálmisdóttir og Hjördís Birna Gunnlaugsdóttir. Anna Rún Þorvaldsdóttir og Sólrún Jörgensdóttir voru einnig stuðningsfulltrúar á haustönn og í þeirra stað eftir áramót komu systurnar Viktoría og Guðlaug Sara Gunnarsdætur. 32 nemendur hófu nám í 5.-7. bekk á haustönn og jafnmargir luku námi að vori.

Skipulag innan teymis: Umsjónarkennarar báru sameiginlega ábyrgð á nemendahópum en skipulögðu sínar námsgreinar í sitt hvoru lagi. Þemu og ákveðin stærri verkefni voru unnin í sameiningu af umsjónar- og sérkennara. Nemendahópnum var skipt á umsjónar- og sérkennara fyrir foreldraviðtöl og sú skipting hélt sér að einhverju leyti út námsárið, þ.e.a.s. sami umsjónarkennari annaðist að mestu foreldrasamskipti og foreldraviðtöl við sinn nemendahóp. Við skiptum hópnum niður í tvær kennslustofur þar sem 5. bekkur var sér og 6. og 7. bekkur voru saman. Að auki nýttist námsverið vel nemendum með stuðningsþörf og námshópnum í heild. Teymið hafði fundartíma á miðvikudögum kl. 13:40. Allt starfsfólk á miðstigi hittist þar vikulega og er mikil ánægja með það fyrirkomulag, enda nauðsynlegt fyrir skóla með teymiskennslu að teymið hittist reglulega og stilli saman strengi sína. Þessir vikulegir fundir voru nýttir í náms- og félagsleg mál nemenda, samskipti innan hópsins og sértæk úrræði. Umsjónar- og sérkennari reyndu svo að hittast vikulega eða eftir þörfum til að skipuleggja kennslustundir og námslotur. Samskipti teymisins voru góð. Verkefnum var deilt og þau unnin í

samstarfi. Kennarar komu eitthvað að kennslu flestra greina en yfirumsjón með fögum var skipt á eftirfarandi hátt:

Íslenska - Sóley

Stærðfræði - Siggi

Enska - Sóley

Danska - Katrín Rós

Lífsleikni - Katrín Rós/Siggi Þ.

Náttúrufræði – Helena

Samfélagsgreinar - Sigurður

Sérkennslumálin voru í höndum Sigríðar Sjafnar. Hún stýrði námsverinu með aðstoð annarra stuðningsfulltrúa.

Verkefni: Fjölbreytt verkefni voru unnin á önninni, bæði bókleg og verkleg. Viðfangsefni námsgreina eru tiltekin í samnefndu skjali. Við héldum áfram að leggja áherslu á lestur í vetur og vorum bæði með daglegan yndislesturstíma í skólanum og svo áttu þau að lesa heima fimm sinnum yfir vikuna. Að auki gerðum við átak í 100-orða lestri nokkrum sinnum yfir skólaárið. Við unnum lestrarhvetjandi verkefni og lásum bækur saman í samlestri til að auka áhuga nemenda og stuðla að umræðum.

Þema ársins í umhverfismennt var lífbreytileiki með áherslu á hafið og unnin voru verkefni tengd þemanu, bæði í bóklegum greinum og list- og verkgreinum.

Kennsluhættir: Kennsluhættir voru fjölbreyttir en enn mjög bókmiðaðir. Það er rými til að bæta sig og efla fjölbreyttari kennsluhætti. Okkur fannst auðveldara að stýra fjölbreyttum verkefnum í minni hópum. Þess vegna gaf góða raun að aldurskipa stiginu og fá þannig fram minni einingar og okkar mat að það hefði þurft að skipta þeim enn frekar í list-, verk- og íþróttagreinum vegna fjölda.

Upplýsingaflæði: Kennarar sendu pósta eftir þörfum og í kringum uppbrotsdaga. Bekkjarfundir urðu ekki nægilega reglulega né markvisst eins og lagt var upp með í upphafi skólaárs, það má bæta á næsta skólaári, í anda barnvæns sveitarfélags.

Náms- og kennsluáætlanir: Kennarar settu upp námslotur í sínum faggreinum. Sett voru upp verkefni innan lotanna og þau tengd við hæfniviðmið og metin. Nemendur fengu áætlanir í stærðfræði á pappír og inn á Mentor og fengu foreldrar eftir þörfum sendar áætlanir í pósti.

Sérstaða skólans:

- Uppeldi til ábyrgðar: Við unnum eftir stefnu Uppeldis til ábyrgðar á miðstigi. Bekkjarsáttmálar voru gerðir og sýnilegir í stofum.
- Spjaldtölvur: Ýmis verkefni unnin á iPad og námsöpp notuð, eins og Kahoot, Duolingo, Minecraft o.fl. Þá voru rafbækur og hljóðbækur notaðar í gegnum iPad.
- Umhverfismennt: Fór aðallega fram í þemadögum og í samþættingu við aðrar kennslugreinar, náttúrufræði og útinámi. Útinámstímar eru daglega og aukið við þegar tók að vora. Flokkunarfötur í stofum sem nemendur bera sjálfir ábyrgð á.
- Gildi skólans: Gildi skólans höfð að leiðarljósi í leik og starfi. Lykilhæfni og grunnþættir menntunar: Lykilhæfni og grunnþætti menntunar voru hafðir til hliðsjónar við skipulag og kennslu.

Stuðningur stjórnenda, endurgjöf, bjargir og ráðgjöf: Við upplifðum stuðning og traust frá stjórnendum við okkar störf og gátum leitað til þeirra eftir ráðgjöf þegar á þurfti að halda. Skólastjórnendur mættu reglulega á teymisfundi miðstigsins.

Samstarf við önnur teymi: Samstarf við önnur teymi var takmarkað og helst í tengslum við þemavikur- og uppbrotsdaga, en það sem var þó gert gekk vel og samvinna góð þvert á stig.

Vettvangsferðir og viðburðir: Miðstigsleikarnir voru haldnir í upphafi námsársins í Borgarnesi. Við fórum í Skorradal í haustferð, skoðuðum náttúruna, fórum í hópeflisleiki og enduðum í sundi í Borgarnesi. Sjöundi bekkur fór í Reykjaskóla í febrúar og heppnaðist sú ferð mjög vel þrátt fyrir aftakaveður. Seinni hluti mars og fyrri hluti apríl voru undirlagðir vinnu fyrir árshátíðina. Krakkarnir sömdu og léku Strumpaleikrit, ásamt því að búa til alla sviðsmynd og búninga úr mikið til endurnýttum efnivið. Í maí fór miðstigið í vorferð til Reykjavíkur sem heppnaðist vel. Krakkarnir fóru á ótrúlega flotta og spennandi eldgosafraeðslu í Hörpunni. Næst var haldið á skauta, það gekk nokkurn veginn stórslysalaust fyrir sig. Við snæddum hádegisverð saman og fórum í sund í Álftaneslaug áður en haldið var heim.

Gestir og fyrirlesarar: Í tilefni af degi íslenskrar tungu kom Gunnar Helgason rithöfundur til okkar og las fyrir nemendur úr nýjustu bók sinni, *Stella segir bless!* Hann áritaði bókasafnseintakið og hún varð í kjölfarið mjög vinsæl á safninu – sem og öll Stelluserían. Hvalfjarðarsveit, með dyggri aðstoð ungmennaráðs sveitarfélagsins, hélt sitt fyrsta barnaþing fyrir 5.-10. bekk í apríl. Dagurinn var undirlagður af umræðum og málstofum um málefni barna- og ungmenna og að lokum voru niðurstöður þeirra teknar saman og fara nú í frekari vinnu hjá sveitarfélaginu. Villi naglbítur kom og skemmti ungum og upprennandi stjórnámálaskörunum og þjóðmálaskúmum í þinghléi. Samfélagslöggan kom og hitti fimmta bekkinn í desember. Hún lagði fyrir nemendur umferðargetraun og Elísabet Heba vann til verðlauna. Herdís hjúkrunarfræðingur hefur verið með regluleg innlit og haldið fyrirlestra fyrir árgangana á miðstigi.

Ábendingar/Niðurstöður:

Það sem gekk vel og ætti að halda:

- Líðan nemenda og samskipti: Líðan nemenda á stiginu hefur verið brösótt. Þetta er breiður og margbreytilegur hópur með fjölbreyttar þarfir sem þarfnast mikils stuðnings og þjálfunar í félagslegum samskiptum.
- Smærri námseiningar: Það hefur reynst vel að skipta stiginu upp í smærri námseiningar og hafa í sitt hvorri stofunni.
- Sérkennsla: Sérkennslan hefur verið í góðum höndum og er markviss en vegna forfalla og líðan nemenda hefur ekki tekist að sinna námshlutanum eins vel og þyrfti. Samvinna sérkennara, umsjónarkennara og stuðningsfulltrúa hefur gengið mjög vel. Námsverið hefur verið vel nýtt í vetur og er sótt af velflestum nemendum. Nemendahópurinn er fjölbreyttur og hefur ýmsar þarfir sem hefur gengið að mæta, með óþrjótandi seiglu og þolinmæði stuðningsfulltrúanna okkar.

- Stuðningur við nemendur: Síðasta skólaár fundum við fyrir því að enn vantaði skýrari verkferla vegna hegðunar nemenda sem brjóta í bága við skólareglur. Stuðningur við nemendur með hegðunarvanda var aukinn. Eftirfylgni einstakra mála má bæta.
- Innleiðing leiðsagnarnáms: Skipulag skólastofanna í anda leiðsagnarnáms, góð námsmenning innan hópsins, bætt við sjónrænu skipulagi og námsveggir eru virkir og lifandi.

Það sem má bæta:

- Leiðsagnarnám: Halda innleiðingunni áfram, auka sjálfsmat nemanda.
- Verkferlar: Bæta þarf og skýra verkferla í kringum farsæld barna. Okkur finnst vanta á að starfsfólk fái reglulega fræðslu um löggjöfina og samþætta þjónustu. Skv. gátlista sem snýr að samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna skv. lögum nr. 86/2021 eiga að vera til verklagsreglur hjá skólanum um viðbrögð við helstu viðfangsefnum nemenda sem þurfa aðstoð tengiliðar og það komi fram í verklagsreglum hver ber ábyrgð á því að verklagsreglum sé fylgt. Dæmi um slík viðfangsefni eru námsvandi, slök skólasókn, alvarlegur tilfinningavandi, félagslegur vandi, einelti og ofbeldi. Okkur finnst þessu ábótavant.
- Bæta umgengi í kennslustofum: Kenna börnunum betur að ganga frá eftir sig og bera ábyrgð á hlutunum sínum.
- Virkja bekkjarfulltrúana: Við teljum það nauðsynlegt að virkja bekkjarfulltrúa í að skipuleggja félagsstarf eftir skóla til að bæta og efla samskipti nemenda á miðstigi. Síðustu ár hefur ekki verið nein virkni.

Lokaorð: Veturinn gekk vel. Það hefur verið í stígandi í samstarfinu og strengir stillst til eftir því sem á hefur liðið. Nemendahópurinn var margbreytilegur, líflegur og skemmtilegur og samstarf allra sem komu að nemendahópnum með miklum ágætum.

Sigurður Tómasson, Sigríður Sjöfn Helgadóttir og Sóley Bára Bergsteinsdóttir, maí 2025

Teymisskýrsla unglíngastígs

Grunnupplýsingar

Í teyminu voru tveir umsjónarkennarar:

- Berglind Bergsdóttir – í 81% starfshlutfalli, kenndi 21 kennslustundir.
- Eyrún Sif Ólafsdóttir – í 100% starfshlutfalli, kenndi 26 kennslustundir.

Stuðningsfulltrúar:

- Fyrir áramót: Valdís María Stefánsdóttir og Halldóra Andrésdóttir
- Eftir áramót: Kinga Korpak og Halldóra Andrésdóttir

Nemendafjöldi: 30

Skipulag innan teymis

Berglind og Eyrún voru sameiginlegir umsjónarkennarar allra nemenda og báru jafna ábyrgð.

Eyrún bar ábyrgð á kennslu stærðfræðigreina og náttúrugreina.

Berglind bar ábyrgð á kennslu í íslensku og ensku.

Sameiginleg ábyrgð var í samfélagsgreinum og upplýsinga- og tæknimennt.

Katrín Rós kenndi dönsku og lífsleikni.

Helena Bergström kenndi myndmennt og smíði.

Sigurður Sigurþórsson sá um sundkennslu.

Sólrún Sigþórsdóttir sá um íþróttir og stærðfræði.

Erna Rafnsdóttir kenndi heimilisfræði og textílmennt.

Sigrún Vigdís Gylfadóttir sá um sérkennslu.

Teymisvinna

Skólaárið einkenndist af áframhaldandi innleiðingu verkefnisins Teymisvinna, sem snýst um að þróa lærdómssamfélag og efla samstarf og dreifða forystu í skólastarfinu.

Teymisfundir voru haldnir vikulega á þriðjudögum frá kl. 13:40–14:10.

Á fundunum var lögð áhersla á að skoða fjölbreyttar og gagnlegar aðferðir til að mæta ólíkum þörfum nemenda.

Helstu verkefni og þemu

- Þema: Helvítis foking fokka (2000-2010) samþætting íslensku, samfélagsfræði og ensku.
- Þema: næringarfræði, mannlíkaminn.
- Kynfræðsla: Kennt í kynjaskiptum hópum
- Upplýsinga- og tæknimennt
- Lífbreytileiki og náttúruvernd með áherslu á hafið: Fjölbreytt verkefni unnin yfir skólaárið
- Náttúrugreinar: Plöntur, dýr, jarðsögutímabil, mannlíkaminn, næringarfræði.

Kennsluhættir og námsmat

Notast var við fjölbreytta kennsluhætti.

Áhersla var lögð á sjálfstæði í námi og innleiðingu leiðsagnarnáms.

Nemendur fengu tækifæri til að efla eigið námshugarfar, sjálfstraust og innsýn í eigin námsframvindu.

Námsmat fór fram jafnt yfir skólaárið með fjölbreyttum verkefnum og prófum.

Kennt var í tveimur stofum mest allt skólaárið, en að minnsta kosti tvisvar sinnum í viku var nemendum skipt í þrjár stofur eftir árgöngum.

Upplýsingaflæði

Til foreldra og nemenda: Að mestu í gegnum Mentor og tölvupóst.

Milli starfsmanna: Á vikulegum teymisfundum, þar sem lögð var áhersla á þátttöku allra sem komu að unglingastiginu.

Náms- og kennsluáætlanir

Unnið var út frá markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla og skólanámskrá Heiðarskóla.

Einstaklingsnámskrár voru gerðar fyrir þá nemendur sem þess þurftu.

Sérstaða skólans

- Uppeldi til ábyrgðar: Gerður var bekkjarsáttmáli og haldnir vikulegir bekkjarfundir.
- Fartölvur: Allir nemendur höfðu aðgang að fartölvum – mikið notaðar.
- Umhverfismennt: Sinnt í gegnum þemavikur og sérstaka umhverfisviðburði.
- Gildi skólans: Lögð áhersla á vellíðan, virðingu, metnað og samvinnu. Aukið samstarfsáttak bar góðan árangur.

Lykilhæfni og grunnþættir menntunar

Við skipulag og kennslu var markvisst unnið með lykilhæfni og grunnþætti menntunar að leiðarljósi.

Stuðningur stjórnenda

Starfsmenn upplifðu:

- Góðan stuðning stjórnenda
- Traust til að sinna störfum
- Möguleika á að leita ráða þegar þörf var á

Samstarf við önnur teymi

Lítið samstarf var við önnur teymi á þessu skólaári.

Vettvangsferðir

- Haustferð: Gengið yfir Skarðsheiði og gist í Skátaskálanum í Skorradal.
- Skólabúðir: 9. bekkur og Eyrún fóru í Vindáshlíð í október 2024.
- Lokaferð: Nemendur í 9. og 10. bekk fóru til Brighton 19. – 23. maí með Berglindi og Eyrúnu. Foreldrar sem komu með voru Unnur Tedda, Sigríður Halla og Brynhildur Stefánsdóttir. Nemendur í 8. bekk fóru í dagsferð til Reykjavíkur í Hreyfiherma og sund.

Aðrar ferðir á vegum skólans

- Tæknimessa FVA og iðnfyrirtækja
- Vika Sex á Akranesi
- Skíðaferð í Bláfjöll
- Ball á Varmalandi í febrúar
- Lyngbrekkuball í maí

Viðburðir

- Jólсен-jólсен mót: Allir nemendur tóku þátt
- Fullveldishátíð: Leikrit sýnt af nemendum, með þátttöku flestra
- Kynning á framhaldsskólum: MB og FVA

Gestir og fyrirlesarar

- Hjúkrunarfræðingur með fræðslu fyrir alla bekki
- Samfélagslögreglan – fyrirlestur um sakhæfi
- Barnaþing
- Kvan fyrirlestur og leikir fyrir alla bekki
- Gunnar Helgason á Degi íslenskrar tungu

Ábendingar og niðurstöður

Það sem gekk vel og ætti að halda:

- Verkefnaskil og utanumhald í Mentor
- Þemaverkefni
- Námsverið – betri stuðningur við nemendur með sértæka námsörðugleika
- Vikulegir bekkjarfundir – vinsælir og vel heppnaðir
- Samstarf innan unglingateymis

Það sem má bæta:

- Meiri stuðningur við nemendur, sérstaklega í kennslustundum

Lokaorð

Skólaárið 2024–2025 var á heildina litið gott. Nemendahópurinn var bæði fjölbreyttur og líflegur og skapaðist jákvæð stemning í skólastarfinu. Lagt var upp með að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda með einstaklingsmiðaðri nálgun og fjölbreyttum kennsluháttum.

Við vorum sérstaklega ánægðar með þann aukna stuðning sem var til staðar á skólaárinu, bæði í kennslustundum og í námsveri. Hann skipti sköpum fyrir marga nemendur og gerði okkur kleift að bregðast betur við þegar þörf krafði.

Berglind Bergsdóttir og Eyrún Sif Ólafsdóttir, maí 2025

Skýrsla List- og verkgreinakennara

Grunnupplýsingar:

Erna Rafnsdóttir: Heimilisfræði, textíl og val á unglingastigi. (1- 9.b, 18 kest)

Helena Bergström: Myndmennt, smíðar og val á unglingastigi. (1.-9. B. 18 kest)

Hildur Jónsdóttir: Tónmennt (1.-7. bekkur í tónmennt, val á unglingastigi). 8 kest.

Skipulag í teymi:

Skólaárinu var skipt í tvö tímabil í heimilisfræði og textíl. Kennt var á haustönn heimilisfræði og á vorönn textíll.

Í tónmennt, smíði og myndmennt var 1.-7.b. kennt allt árið. 5. bekk var tvískipt vegna fjölda.

Skipt var í teymi á milli listgreinakennara:

Í vali á unglingastigi voru Hildur, Erna og Helena og skiptu þær hópnum í hópa sem hver og einn valdi. Á tímabilinu var boðið meðal annars upp á hljómsveitarval, bandí, skák, íþróttir, textíll/heimilisfræði, ljósmyndaval, smíði. Í byrjun nóvember voru val tímarnir notaðir í æfingu og annað sem viðkom 1. des skemmtun skólans.

Kennsluhættir:

Kennsluhættir í list- og verkgreinum eru alla jafna mjög fjölbreyttir. Nemendur taka þátt eftir eigin forsendum og útkoman verður oft mjög mismunandi. Við notum oft veraldarvefinn til að afla okkur upplýsinga og hugmynda. Við ræðum t.d. efnisnotkun út frá umhverfissjónarmiðum, við notum sýnikennslu og við leggjum áherslu á að skipuleggja og hanna verkefnið vel áður en verklegi þátturinn fer fram. Í list- og verkgreinum er verkleg vinna alls staðar tengd þekkingu úr öðrum fögum, ekki síst stærðfræði og íslensku.

Upplýsingaflæði:

Upplýsingaflæði er almennt gott.

Lykilhæfni og grunnþættir menntunar:

Í list- og verkgreinum fá nemendur aðstæður og margvísleg tækifæri til að þroska hæfileika, dýpka hann og læra leiðir til að koma sköpun sinni í verk. Í skapandi starfi fá nemendur tækifæri til að virkja og efla ímyndunarafli sitt, þjálfast í að taka ákvarðanir þar sem þeir vega og meta mismunandi valkosti og sjá afleiðingar af vali sínu. Nemendur þroskast í samvinnu við aðra, efla sjálfstæði sitt og sjálfsþekkingu og finna hæfileikum sínum farveg. Í list- og verkgreinum fá nemendur að vinna verklega og skapandi vinnu

þar sem reynir á huga, hjarta og hönd. Þar er markviss þjálfun í hverri námsgrein fyrir sig sem reynir á ólíka þætti í mismiklum mæli eftir eðli verkefna. Þannig geta nemendur notað öll skilningarvitin og aflað sér þekkingar t.d. í gegnum lestur, hlustun, skoðun, efniskönnun, lykt og smökkun og prófa sig áfram með sínar hugmyndir. Í samspili þarf að fylgja hinum í hópnum, sem hjálpar til við að kenna þeim að taka tillit til hvers annars. Það eitt og sér ýtir undir mannréttindi, jafnrétti og heilbrigð samskipti, auk þess sem sköpunarkrafturinn fær að blómstra.

Stuðningur stjórnenda:

Í vetur höfum við fengið góðan stuðning fyrir nemendur með sértækar þarfir.

Áherslur skólans:

Umhverfismeðvitund er mikilvægur þáttur í list- og verkgreinum þar sem við kaupum inn efni með ákveðinni sögu (kolefnisfótspor). Við ræðum neyslu okkar og kynnum málefnið við innlögn verkefna.

Spjaldtölvur og veraldarvefurinn eru notuð til að afla sér upplýsinga og hugmynda.

Myndmennt – Helena Bergström

Myndmennt var kennd í 1.-9. bekk á haustönn fram að 2. des. Allir fengu 80 mínútur á viku. Hjá unglingum, 8.-10. bekk, var boðið upp á val eins og ljósmyndaval, vinnu við sviðsmyndina fyrir 1. des. hátíðina og að búa til listaverk sem var selt sem fjáröflun fyrir Brightonferðina.

Í myndmennt vinnum við með að kanna og skapa list út frá litum, formi og myndbyggingu. Við vinnum með ýmis efni og aðferðir og í mismunandi tilgangi. Allir geta skapað, hver og einn á sinn hátt og með ýmiskonar útkomu.

Hönnun og Smíði – Helena Bergström

Á vorönn var kennd smíði frá 12. janúar. Nemendur í 1.–9. bekk fengu allir 80 mínútur á viku.

Í smíði þjálfast einbeiting, iðjusemi og verkfærni. Útkoma verkefnanna er mjög mismunandi eftir nemendum, allir vinna eftir sínum forsendum og mikið svigrúm er gefið til að velja sér verkefni eftir getu og áhugamálum.

Heimilisfræði - Erna Rafnsdóttir

Kennsla í heimilisfræði hófst á haustönn með áherslu á að efla samvinnu, vandvirkni og sköpunargleði nemenda. Frá síðasta ári voru gerðar breytingar á fyrirkomulagi kennslunnar þannig að nemendur unnu í hópum við fjórar matreiðslustöðvar. Hver stöð hafði tilnefndan leiðtoga sem bar ábyrgð á skipulagi og framgangi hópsins.

Til að auka virkni og hvatningu var innleitt keppnisfyrirkomulag þar sem það lið sem stóð sig best fékk að velja verkefni næsta kennslutíma. Með þessari nálgun var lögð sérstök áhersla á að styrkja samvinnu innan hópanna, auka nákvæmni í vinnubrögðum og stuðla að skapandi lausnaleit.

Viðbrögð nemenda við nýju fyrirkomulagi voru afar jákvæð og kom fram aukin þátttaka, meiri ábyrgð í verkefnavinnu og aukin sköpunargleði.

Nemendum er veitt þjálfun í grunnþáttum heimilisstarfa með það að markmiði að efla sjálfstæði þeirra og hæfni í heimilisrekstri þegar þeir flytja að heiman.

Á unglingastigi var boðið upp á valgrein í heimilisfræði sem fór fram á mánudögum. Þar höfðu nemendur frjálsar hendur til að ákveða hvaða matreiðslu- eða baksturverkefni þeir vildu fást við hverju sinni. Áhersla var lögð á að efla sjálfstæði, frumkvæði og skapandi vinnubrögð.

Textílmennt - Erna Rafnsdóttir

Textílkennsla fór fram á vorönn fyrir nemendur í 1.–9. bekk. Í textílmennt er lögð áhersla á að efla fjölbreyttar túlkunaraðferðir nemenda og styðja við skapandi vinnubrögð. Jákvætt námsmat gegnir þar lykilhlutverki – það á að veita nemendum skýrar ábendingar um stöðu sína og hvetja þá til áframhaldandi námsframfara.

Ýmis verkefni voru unnin á önninni, sérstaklega á yngsta og miðstigi þar sem metnaður og áhugi nemenda voru áberandi. Meðal verkefna má nefna sundpoka úr hnútabatik sem unnið var í fyrra, útsaumsmyndir byggðar á eigin teikningum, skrímslapúða og vefnaðarverkefni á borð við vefaðar uglur.

Á unglingastigi unnu nemendur að gerð náttbuxna, myllupoka og ýmiss konar vefnaði. Áhersla var lögð á að þjálfra fjölbreytt handtök og efla sjálfstæði og sköpunarkraft í gegnum mismunandi nálganir og útfærslur.

Vinna við árbók 10. bekkjar hófst í upphafi ársins og var valtimi nemenda sérstaklega nýttur til verkefnisins. Þar gafst tækifæri til samvinnu, skapandi vinnubragða og persónulegrar þátttöku í mótun efnisins.

Tónmennt – Hildur Jónsdóttir

Tónmennt var kennd allt árið á yngsta stigi og á miðstigi. Á yngsta stigi læra nemendur að meðhöndla hljóðfærin á viðeigandi hátt ásamt því að skapa og flytja einföld tónverk. Á miðstigi er meira samspil bæði á hefðbundin skólahljóðfæri og á rafmögnuð hljóðfæri. Nemendur í 1. og 2. bekk sungu *Á Sprengisandi* á Fullveldishátíðinni. Nemendur í 2. bekk spiluðu lagið *Eye of the Tiger* á blokkflautur. Fyrsti bekkur söng einnig lagið *Í skóginum stóð kofi inn*. Nemendur í 3. og 4. bekk sungu og spiluðu lagið *Skólarapp* með sínum stíl á Árshátíðinni. Nemendur í 3.-7. bekk sungu lagið *Skínum skært*. Nemendur á miðstigi fluttu leikritið *Strumpahátíðin*. Báðar hátíðir heppnuðust mjög vel.

Ábendingar:

Heimilisfræði/Textíll: Huga þarf að endurnýja helluborð og ofna inn í heimilisfræði. Setja mætti hurð á textílstofunna sem hægt væri að læsa, til að sporna við rýrnun á tækjum, búnaði, vefnaði og annarri textílvöru. Rúllugardínur í glugga í textíl. (Er ennþá að bíða eftir perum í þrjú loftljós í textíl síðan í feb 2025)

Í tónmennt var keyptur inn hátalari þar sem eldri hátalarar voru skemmdir. Einnig var formagnari fyrir aðra hátalara tekinn inn í sal. Á næsta skólaári þyrfti að kaupa annan eins hátalara svo hægt sé að spila rafmagnað með sem bestum hætti.

Athugasemdir: (HB)

- Það þarf að hafa betur í huga stærð hópa í list- og verkgreinum, sérstaklega í myndmennt og smíði þar sem stofurnar eru mjög litlar (u.þ.b. helmingur af öllum smíðastofum sem ég, Helena hef skoðað).
- Við viljum ítreka þörfina fyrir hurð með læsingu á textílstofunni og myndmenntastofunni. Rennihurðin uppfyllir ekki okkar þarfir! Það er of mikill umgangur.
- Við óskum einnig eftir því að málning, pappír, karton og annað efni fyrir almenna kennslu verði flutt á annan stað. Það þarf að vera á hreinu að enginn nema list- og verkgreinakennarar hafa aðgang að stofunni nema með okkar leyfi.
- Þrífín í list og verkgreinastofunum eru ekki nægileg.

Mörgu er ábótavant í smíðastofunni:

1. Hitastýringin er búin að vera biluð í allan vetur, sérstaklega í vélarýminu. Mjög heitt hefur verið í stofunni.
2. Þar er enginn opnanlegur gluggi. Báðar útihurðirnar þurfa að vera opnar allan tímann og ekki er hægt að fara úr stofunni án þess að læsa.
3. Læsingarnar á báðum hurðunum eru mjög stífar og erfiðar, það þarf að gera við.
4. Loftpressan er biluð og Hlynur fór með hana í viðgerð í mars? Hún er mjög mikilvæg til þess að geta haldið vélarýminu hreinu og blása úr vélum og tækjum, eins og bandsöginni.
5. Bæta þarf við útsog í ryksuguna vegna nýrrar pússivélar.
6. Margir hefilbekkir eru gamlir og lúnir og þurfa viðhald. Spurning hvort það væri sniðugt að skipta út stóra borðinu fyrir t.d. tvo nýja hefilbekki?
7. Það þarf að koma verkfærum upp á vegg og gera tæki og tól aðgengileg fyrir nemendur.
8. Það vantar snaga fyrir vinnuskyrtur
9. Það þarf að endurnýja verkfæri og vélar.

Á miðstigi var flókið að skipta í tvo hópa, eins og skipulagt var í vetur. Fimmta bekk var skipt í tvo hópa, en sjötti og sjöundi bekkur (með 14 nemendur) mættu sem einn hópur, sem var allt of stór fyrir smíðastofuna, sem er með sex vinnuborð. Erna í textíl bauðst til að taka tvo nemendur yfir til sín í hverjum tíma, en það er ekki góð lausn. Það er ekki hægt að halda uppi gæðakennslu við slíkar aðstæður.

Skólaípróttir

Kennsla og kennslustundir

Á skólaárinu 2024–2025 sáu tveir kennarar um íþrótt- og sundkennslu í Heiðarskóla. Sólrún Sigþórsdóttir kenndi 12 kennslustundir í íþróttum á yngsta-, mið- og unglingastigi. Sigurður Þ.

Sigurþórsson annaðist 8 kennslustundir í sundi á öllum stigum. Allir nemendur í 1.–10. bekk fengu þrjár kennslustundir á viku í þessum greinum, nema 1. bekkur sem fékk einn auka sundtíma á viku.

Skipulag og helstu verkefni

Við upphaf skólaársins var sett upp lotubundið skipulag þar sem þemu voru notuð til að kynna nemendum fjölbreyttar íþróttagreinar sem dreifðust yfir veturinn. Í sundkennslu var farið yfir grunnsundaðferðir með stigvaxandi áherslu á ákefð og lengd æfinga eftir því sem leið á veturinn. Lögð var áhersla á að þróa og byggja upp færni og þol nemenda með markvissum hætti. Mikil áhersla var á það að nemendur finndu sína hreyfingu sem veitti þeim gleði og áttuðu sig á áhrifum hennar á líkamelega og andlega heilsu.

Kennsluhættir og nálgun

Leitast var við að haga kennslunni sem einstaklingsmiðaðri og sveigjanlegri og höfð var skýr áhersla á að bæta líkamlegt ástand og færni nemenda. Unnið var með félagslega blöndun innan hópa til að styrkja samvinnu og félagsfærni. Í tímum var lögð áhersla á virka þátttöku allra nemenda í leikjum, æfingum og verkefnum.

Námsáætlanir og aðlögun

Náms og kennsluáætlanir lágu fyrir á haustönn en tóku þó nokkrum breytingum yfir veturinn. Aðlaganir og útfærslubreytingar komu jafnt og þétt með aukinni reynslu og þekkingu á breyttum nemendahópum frá því í fyrra. Hóparnir voru ólíkir og mis krefjandi, og þar af leiðandi urðu verkefnin útfærð öðruvísi með þeim en áætlað var í byrjun. Nemendur í unglingadeild fengu næringarfræðslu og kynningu á markmiðasetningu á vorönn sem tókst vel til.

Grunnpættir menntunar

Kennslan tók mið af grunnpáttum menntunar eins og þeim er lýst í aðalnámskrá, og voru þeir nýttir sem grunnur að markmiðasetningu og matsviðmiðum:

- **Heilbrigði og velferð:** Lögð var áhersla á daglega hreyfingu, gleði og félagsleg samskipti í tengslum við líkamsrækt. Nemendur fengu fræðslu um næringu, svefn og hvíld.
- **Jafnrétti:** Allir nemendur áttu jafnan rétt til þátttöku óháð aldri, kyni, uppruna eða líkamlegu atgervi. Fjölbreytt hreyfing og virðing í leik og keppni voru í fyrirrúmi.
- **Lýðræði og mannréttindi:** Nemendur fengu tækifæri til að velja hreyfingu við sitt hæfi og höfðu áhrif á val námsþátta.
- **Læsi:** Lögð var áhersla á að nemendur skildu áhrif hreyfingar á líkamann, þekktu reglur og lærðu að taka ábyrgð í leikjum og samvinnu.
- **Sjálfbærni:** Nemendur þjálfuðust í því að velja hreyfingu við hæfi, þekktu eigin takmörk og lærðu að nýta umhverfi sitt til heilsueflingar.
- **Sköpun:** Nemendur fengu tækifæri til að skapa nýja leiki, reglur eða dans og tjá sig með fjölbreyttum hætti í gegnum hreyfingu.

Einstaklingsmiðun:

Alltaf er leitast við að breyta og aðlaga æfingar/verkefni að einstaklingum. Öll börn hafa komið í hefðbundnar kennslustundir og þörfum þeirra mætt, það hefur gengið vel og framför verið í hreyfigetu og úthaldi. Fjórir nemendur fengu nokkra tíma í sérkennslu. Samstarf við stuðningsfulltrúa hefur verið nokkuð og sundkennari fengið hjálp bæði ofan í og á bakka laugarinnar. Leiðbeiningar voru gerðar um æfingar sem hægt var að gera í skólahúsnæðinu (utan íþróttatíma) til að efla hreyfiproska og færni. Komið var til móts við eldri nemendur og þeim leyft að fara í ræktarsalinn með plan í stað íþróttartíma til að koma til móts við þá.

Yfirlit og áskoranir

Heilt yfir hefur skólaárið gengið vel. Samskipti við nemendur hafa verið jákvæð og flestir tímar einkenndust af gleði, leik og útrás. Hins vegar komu fram nokkrar áskoranir. Þrátt fyrir að aðeins væri gerð krafa um tíu sundtíma á hvorri önn á unglingastigi var mæting hjá sumum nemendum, einkum stúlkum, undir væntingum. Einnig náðist ekki að framkvæma formlegar mælingar á getu nemenda í einstökum greinum eins markvisst og stefnt var að í upphafi.

Tillögur til úrbóta

Mikilvægt er að efla skilaboð til foreldra um mikilvægi íþrótt- og sundfatnaðar, réttan útbúnað og hreinlæti í tengslum við heilsurækt. Slík fræðsla og skýr upplýsingagjöf geta haft veruleg áhrif á þátttöku og líðan nemenda í íþróttastarfi skólans.

Sólrún Sigþórsdóttir og Sigurður Þ. Sigurþórsson, 2. júní 2025

Skýrsla náms- og starfsráðgjafa

Mikil aðsókn hefur verið í þjónustu náms- og starfsráðgjafa á skólaárinu af nemendum á öllum stigum. Auk þess hefur verið aukinn þungi í samskiptamálum tengdum samskiptum á netinu. Náms- og starfsráðgjafi hefur sinnt persónu- og hópráðgjöf og hafði fastan tíma í töflu í 5. – 10. bekk þar sem áherslan var á lífsleikni og náms- og starfsfræðslu.

Með 10. bekk hefur náms- og starfsráðgjafi fjallað um ólík störf, hvað þau fela í sér, hvaða hæfni og menntun þarf til að gegna þeim. Þau hafa farið í skólaheimsóknir í framhaldsskólana MB og FVA. Tekið áhugasviðskönnun, kynnst námstækni og lært gerð ferilskráar. Auk þess hafa nemendur í 10.b. farið í hefðbundnar starfskynningar sem fóru fram dagana 6.-8. maí.

Nemendur í 8. og 9. bekk hafa unnið að eflingu félagsfærni sem og aukinni sjálfspekingu.

Nemendur á miðstigi hafa unnið að bættri félagsfærni, sjálfspekingu og eflingu sjálfsmyndar.

Kennsluáætlanir allra stiga er að finna inn á Mentor og hafa náms- og kennsluaðferðir í lífsleikni verið fjölbreyttar og lykilhæfni nemenda metin jafnt og þétt í allri vinnu sem fram fer í kennslustofunni.

Náms- og starfsráðgjafi hefur veitt nemendum persónulega ráðgjöf varðandi félagsfærni, samskipti, kvíða, námstækni, sjálfsstyrkingu ofl.

Önnur störf

Náms- og starfsráðgjafi hefur verið í samstarfi við aðra sérfræðinga, náms- og starfsráðgjafa í öðrum skólum, setið í eineltisteymi og sinnt þeim málum sem þar hafa komið upp. Auk þess setið nemendaráðsfundi, starfsmanna- og kennarafundi. Náms- og starfsráðgjafi er tengiliður farsældarlaga og tengiliður forvarna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.

Tillögur fyrir næsta skólaár

Mikilvægt er að halda stöðugildi náms- og starfsráðgjafa í 50% þar sem áfram er full þörf á aðkomu náms- og starfsráðgjafa í mörgum málum.

Katrín Rós Sigvaldadóttir, maí 2025

Íslenskukennsla fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku

Skólakerfið gegnir lykilhlutverki í að stuðla að jafnrétti og félagslegri þátttöku allra nemenda. Stór þáttur í því hlutverki er íslenskukennsla fyrir tvítyngda nemendur. Tvítyngdir nemendur koma sumir úr fjölbreyttum menningarheimum og hafa oft ólíkan málgrunn. Með aukinni íslenskukennslu er ekki einungis verið að hjálpa nemendum að skilja og tileinka sér námsefnið heldur einnig að byggja upp sjálfstraust og félagsleg tengsl.

Þetta skólaár hefur íslenskukennsla fyrir nemendur með annað tungumál verið með hefðbundnum hætti á öllum stigum skólans. Námið fór fram í litlum hópum í námsverum, einstaklingsvinnu með kennara og verkefnavinnu inni í bekk.

Bakgrunnur nemenda er fjölbreyttur. Hver einstaklingur hefur sinn persónuleika, sinn styrkleika, þekkingu og áhugasvið. Því skipta þættir eins og að nemandi líði vel, fái námsefni við hæfi og að námsumhverfi sé rétt/afslappað miklu máli.

Markmið kennslunnar er að nemendur tileinki sér og læri íslensku svo þeir geti stundað alhliða nám í íslensku skólastarfi með samnemendum og tekið virkan þátt í samfélaginu. Það er gert með því:

- Að auka orðaforða og hugtakaskilning í íslensku
- Að auka skilning á töluðu og rituðu máli
- Að nemendur fái þau verkfæri sem nýtast þeim best til að geta tjáð sig og geti komið þörfum sínum og skoðunum á framfæri í öllum aðstæðum. T.d. tákn, myndir og sjónrænt skipulag
- Að nemendur geti notað bækur, öpp og verkefni í ólíkum aðstæðum (bæði úti og inni) sem auka skilning á íslensku samfélagi og orðanotkun.
- Að nemendur geti leitað að upplýsingum á netinu og séu meðvitaðir um forrit sem hægt er að nota til leiðréttingar á stafsetningu við gerð ritgerða og þar með aukið færni sína í íslenskri málfræði
- Að auka skriffærni og réttritun
- Að spila og hafa gaman, því það eykur gleði, félagslegan skilning og tjáskipti.

Nemendur hafa í dag mun greiðari aðgang að íslenskum barnabókmenntum en áður með tilkomu hljóðbókasafnsins, storytel og spotify. Aukin lestur/hlustun stuðlar að auknum orðaforða, betra valdi á setningamyndun (sem oft er erfið fyrir nemendur með íslensku sem annað móðurmál), tungumálinu, eykur ímyndunarafli og nemendur öðlast aukna þekkingu á ýmsum sviðum samfélagsins. Einstaklingar sem einnig glíma við lestrarerfiðleika hafa með þessari þróun fengið fleiri möguleika á að læra íslensku og á þann hátt sem hentar mörgum hverjum betur en almennur lestur.

Sigrún Vigdís Gylfadóttir, Sigríður Sjöfn Helgadóttir og Ólöf Guðmudsdóttir, maí 2025

Skýrsla frá leiðtoga í Byrjendalæsi

Meginverkefni leiðtoga í Byrjendalæsi eru að halda utan um BL kennslu á yngsta stigi, vera öðrum kennurum til ráðgjafar og leiðsagnar, fylgjast með kennsluháttum, funda með kennurum og kynna nýjar áætlanir og verkfæri sem nýst geta í kennslu.

Helstu verkefni leiðtoga í BL í vetur voru að halda BL fundi reglulega með kennurum í 1. - 4. bekk. Á fyrsta fundi var farið yfir gátlista BL þar sem fram koma atriði sem kennarar skulu sinna og horfa til í BL skipulagi og kennslu. Á fundum ársins voru áætlanir hvers námsþóps ræddar og nýjar áætlanir kynntar. Í framhaldi af lestrarskimunum var farið yfir hvaða áherslur setja þurfti í forgang til að bæta árangur hvers og eins nemanda. Í sameiginlegum þemaverkefnum á stiginu var unnið út frá kennsluskipulagi BL og þau samþætt íslensku og lestrarkennslunni.

Einn kennari á stiginu var í BL námi á 2. ári og sá ég um að lesa yfir kennsluáætlanir, fylgjast með námsefni og áherslum hvers námslotu og aðstoða við að tengja við áætlanir. Ég hélt kynningu á nýjum BL vef, var með óformleg innlit í kennslustundir og átti samræður við kennara um BL og gaf ráð og leiðbeiningar ef þess var óskað. Allir kennarar í skólanum voru á námskeiðinu „læsi fyrir lífið“ sem er framhald af BL sem nýtist mið- og unglingastigi. Gagnlegt var að tengja það sem gert er á yngsta stigi við það sem lagt var inn á því námskeiði.

Ég sat 4 BL fundi sem skipulagðir voru af MSHA þar sem voru kynningar, fyrirlestrar og samræður við aðra BL kennara sem er mjög gagnlegt fyrir kennara til að spegla eigin kennsluhætti og aðstæður og fá nýjar hugmyndir.

Í lok skólaárs var gátlisti MSHA í BL lagður fyrir og niðurstöður voru þær helstar að vel er staðið að BL kennslu í skólanum.

Þórdís Þórisdóttir, maí 2025

Skýrsla frá umsjónarmanni bókasafns

Almennar upplýsingar um starfsárið á bókasafni Heiðarskóla

Á bókasafninu störfuðu Sóley Bára Bergsteinsdóttir og Jóhanna Sigríður Vilhjálmsdóttir. Aðrir starfsmenn leystu af þegar á þurfti að halda. Opnunartímar voru hvern virkan dag frá kl. 8:10-9:00. Tími til umsjónar bókasafns voru 6 kennslustundir, þar af voru tvær stundir nýttar í afgreiðslu. Auk hefðbundins opnunartíma var safnið nýtt í kennslu eftir þörfum og eins var það vinsæll fundarstaður.

Nemendur á unglingastigi voru sérstaklega duglegir að nýta sér safnið í sjálfstæða vinnu. Eins og venjulega var safnið svo vel nýtt í tóm- og frístund á yngsta stigi.

Starfsemi á safninu

Við lögðum áherslu á öflugt lesklúbbastarf á skólasafninu í vetur. Það voru margir virkir klúbbar og nemendur okkar duglegir að koma með hugmyndir að nýjum klúbbum. Klúbbarnir eru alltaf vinsælastir hjá nemendum okkar á yngsta stigi en þetta árið fundum við fyrir aukinni þátttöku nemenda á miðstigi, sem var frábært. Sérstökum dögum og hátíðum var að sjálfsögðu gerð góð skil á safninu þetta ár eins og önnur og lögð áhersla á að skreyta safnið og taka til bókakost tengdan dögum og hátíðum hverju sinni (sbr. jólabókalestur í desember og hryllingslestur í kringum hrekkjavökuna).

Áfram var haldið að grisja eldri bókakost safnsins til að gera pláss fyrir nýjum og spennandi bókum. Nemendur okkar voru hafðir með í ráðum þegar kemur að innkaupum á safnið og láta vita af spennandi nýjungum í bókaútgáfu.

Sóley Bára Bergsteinsdóttir, maí 2025

Samantekt tölvuumsjónarmanns

Merak-kerfið sem var sett upp fyrir nokkrum árum reyndist ekki nógu vel og var því tekin ákvörðun að fara taka upp nýtt kerfi með spjaldtölvurnar sem tekið verður í notkun í haust. Flest starfsfólk hefur sína eigin spjaldtölvu til umráða og allir kennarara ásamt stjórnendum hafa einnig fartölvur til afnota í skólanum og heima við. Tölvuþjónustan ehf á Akranesi er með samning við skólann og aðstoða þeir tölvuumsjónarmann og aðra starfsmenn með minniháttar viðgerðir í gegnum síma og Teamviewer en koma í skólann ef til þess þarf. Í upphafi árs voru keyptar 15 chromebook fartölvur sem nemendur í unglingadeild hafa til umráða ásamt því að hafa 14 chromebook fartölvur til viðbótar.

Sigurður Tómasson, maí 2025

Skýrsla - tómstund

Tómstund var starfrækt mánudaga til föstudaga frá kl. 12:50 – 13:30. Í upphafi voru börnin 29 en í lok skólaárs voru þau 30. Þrír starfsmenn sáu um tómstund.

Í tómstund er áhersla á skapandi starf og frjálsan leik. Í frjálsa leiknum fær sköpunargleði barnanna að njóta sína. Einnig er áhersla á hreyfingu. Reynt er eftir megni að bjóða börnunum upp fjölbreyttan efnivið og val til að mæta þörfum þeirra og löngunum. Ýmist var verið úti, í leikstofu eða á bókasafni og oftast en ekki eitthvað tvennt í boði, stundum þrennt. Á föstudögum fóru yfirleitt allir út ef veður leyfði. Tómstund gekk heilt yfir vel í vetur og börnin virtust njóta sín í frjálsa leiknum.

Sigríður Lára Guðmundsdóttir, júní 2025

Skýrsla - frístund

Skólaárið 2024 – 2025 var frístund í boði fyrir nemendur yngsta stigs. Frístund var opin mánudag til föstudags, alla kennsludaga kl. 13:30 – 16:30 að undanskildum tvöföldum skóladögum, þ.e. árshátíð, fullveldishátíð og litlu jólin. Tveir starfsmenn sáu um frístund.

Sett var upp sjónrænt skipulag fyrir hvern mánuð um hvað yrði m.a. í boði hvern dag fyrir sig. Foreldrar fengu sjónræna skipulagið í tölvupósti í byrjun mánaðar. Einnig var skipulagið prentað út og sett upp á vegg í leikstofu svo að börnin gætu séð hvað væri á boðstólnum og hvað væri á döfinni.

Í frístund var boðið upp á fjölbreytt viðfangsefni fyrir börnin. Í frjálsum leik í leikstofu fengu þau að ráða að mestu hvað þau fengust við og reynt að mæta þörfum þeirra. Það sem var vinsælt þetta skólaárið voru kubbar, að búa til hús úr teppum og stólum, feluleikur, búningar, perlur og föndur. Reynt var að bjóða upp á íþróttasalinn í Heiðarborg a.m.k. einu sinni í mánuði. Þess á milli fóru krakkarnir út að leika þegar vel viðraði eða fengu að fara inn á bókasafn. Boðið var upp á hressingu kl. 15:00 en þá vildu börnin yfirleitt ávexti. Þegar öllu er á botninn hvolft gekk frístund vel.

Á yngsta stigi voru í heildina 30 börn. Fjöldi barna í frístund var nokkuð jafn yfir skólaárið. Lengst af voru 8 eða 9 börn skráð í frístund mánudaga til fimmtudaga og því má segja að nýtingin sé 27 – 30% af heildarfjölda á yngsta stigi. Það tók þó einhvern tíma að fá skráningu á þriðjudögum en í upphafi skólaársins var ekkert barn skráð á þriðjudögum en það rættist nú úr því. Ástæðan er væntanlega sú að nemendur á yngsta stigi voru ótrúlega duglegir að prófa að æfa alls kyns íþróttir sl. haust. Ekkert barn var skráð á föstudögum á skólaárinu. Af þeim sökum hefur verið tekin ákvörðun um að bjóða ekki upp á frístund á föstudögum frá og með næsta skólaári.

Friðbjörg Sigurbjörnsdóttir og Sigríður Lára Guðmundsdóttir, maí 2025

Skýrsla SumarGaman ágúst 2024

SumarGaman var opið frá kl. 8:00 – 16:15 dagana 6. – 20. ágúst að undanskildum 14. ágúst. Fjórir starfsmenn sáu um SumarGaman og þar af einn frá leikskólanum Skýjaborg. 18 börn voru skráð af 29 börnum af yngsta stigi og því má segja að nýtingin hafi verið um 62%.

Starfið fór að mestu fram í Álfholtsskógi þar sem foreldrar mættu með og sóttu sín börn í Furuhlíð að undanskildum einum degi sem var á Akranesi. Farið var með rútu part úr degi frá skóginum annars vegar í sveitaferð í Steinsholt og hins vegar í sund- og ísferð í Borgarnes.

Börnin mættu alltaf með morgunávöxt og síðdegishressingu og yfirleitt með hádegisnesti. Tvisvar var boðið upp á grill í skóginum.

Stofnuð var lokuð grúbbu á facebook fyrir foreldra þar sem meðal annars voru settar inn upplýsingar og myndir.

Gjald fyrir 10 daga var 20.000 kr. Skráning og greiðsla fór fram í gegnum Abler skráningarkerfið. Foreldrar gátu nýtt tómstundastyrk frá Hvalfjarðarsveit við greiðslu. Tekjur SumarGaman voru nýttar í leigugjald fyrir aðstöðuna í Furuhlíð, rútuferðir, grillveislur o.fl.

Heilt yfir gekk SumarGaman mjög vel. Mikil ánægja var á meðal barna, foreldra og starfsmanna með fjölbreytta og skemmtilega samveru, frábæra staðsetningu í Furuhlíð, mikla hreyfingu og útiveru, góð félagsleg samskipti á milli barna og frjálstan leik í náttúrunni.

Sigríður Lára Guðmundsdóttir, maí 2025

Skýrsla SumarGaman í júní 2025

SumarGaman var starfrækt dagana 11. – 25. júní. SumarGaman var opið frá kl. 8:00 – 16:15. Þrír starfsmenn sáu um SumarGaman.

Starfið fór að mestu fram í Álfholtsskógi fyrir utan einn dag sem var í Skógræktinni á Akranesi. Þar fyrir utan var annars vegar farið með rútu part úr degi í sveitiferð að Háafelli þar sem geitur og kiðlingar vöktu mikla athygli barnanna og hins vegar sund- og ísferð í Borgarnes. Auk þess var boðið upp á útidótadaga í skóginum.

Stofnuð var lokuð grúbbu á facebook fyrir foreldra þar sem meðal annars voru settar inn upplýsingar og myndir.

Skráningin fór fram í gegnum Abler og foreldrar gátu nýtt tómstundastyrk Hvalfjarðarsveitar við skráninguna. Gjaldið var 20.000 kr. á barn fyrir tímabilið. Fjöldi skráðra barna var 15 af 30 börnum á yngsta stigi og nýtingin því 50%. Tekjur af SumarGaman voru nýttar í rútuferðir, grill, ís og pítsur sem vöktu mikla lukku á lokadeginum.

Börnin mættu með morgunhressingu, hádegisverð flesta daga og síðdegishressingu. Foreldrar skutluðu og sóttu sín börn í Heiðarskóla fyrir utan Akranesdaginn þar sem mæting var í Skógræktina.

Almennt gekk SumarGaman mjög vel og börnin að njóta sín í skipulögðum og frjálsum leikjum í dásamlegu umhverfi í Álfholtsskógi.

Sigríður Lára Guðmundsdóttir, júní 2025

7.4 Skýrslur Skýjaborgar 2024-2025

Leikskólastjóri óskar eftir skýrslum frá deildum og sérkennslu.

Deildarskýrsla Regnbogans 2024-2025

Starfsfólk deildar

Ásdís: deildarstjóri, sá um almennt skipulag yfir starfið á deildinni. Var með málörvun í vinastundum og leysti af þar sem vantaði. Kom að skólasamstarfi með elsta hópnum.

Aga: leikskólakennari, sá um tónlistartíma og sameiginlegar söngstundir. Var hópstjóri Krókódílahóps (árg. 2022).

Diljá: leikskólaliði og leikskólakennaranemi. Var með málörvun í vinastundum, sá um aðstoðarLubba og var hópstjóri Rósahóps (árg. 2019).

Karina: leikskólakennari, sá um skipulagðar hreyfistundir, listsköpun í listasmiðju og að merkja og setja myndir inná Karellen. Var hópstjóri Kisuhóps (árg. 2020 jan-okt). Fór yfir á Dropann í maí.

Pála: leiðbeinandi, kom yfir á Regnbogann í maí. Sinnti 100% stuðning.

Sigurbjörg: leikskólasérkennari. Var með málörvun í vinastundum, aðstoðaði eftir þörfum en var að mestu að sinna sérkennslu. Kom að skólasamstarfi með elsta hópnum.

Védís: leiðbeinandi. Var með málörvun í vinastund, hópstjóri Einhyrningahóps (árg. 2020 nóv-des og 2021) og sinnti stuðning.

Þórdís: leik- og grunnskólakennari, kom á fimmtudögum.

Ólöf: sérkennari, kom á miðvikudögum.

Barnafjöldi: Börnin voru 18 í byrjun skólaárs. Alls færðust fjögur börn frá Dropanum yfir á Regnbogann á skólaárinu og endaði hópurinn því í 22 um vorið.

Fastir sameiginlegir viðburðir deilda: Opið á milli deilda/deildarugl er að jafnaði einu sinni í viku. Afmælissamvera er einu sinni í mánuði og samsöngur einu sinni í viku. Dagleg samvera er ávallt á útsvæði og eru heimsóknir á milli deilda eftir getu og þörfum.

Starfið á deildinni: Leikskólinn opnar á Dropanum 7:30 með rólegri stund og fara Regnbogabörn yfir á sína deild með kennurum 8:00 í frjálsan leik. Morgunmat er 8:30-9:00, samvera og ávaxtastund er um 9:30/9:45 og útivera frá um 9:30/10:00. Á þriðjudögum og fimmtudögum er tónlist frá 10:00-11:00. Á miðvikudögum er hreyfistund frá 10:00-11:00. Hádegismatur er 11:30 og vinastund 12:00. Frjáls leikur/hópastarf/útivera er svo frá 12:30 fram að nónhressingu sem er um 14:15/14:30. Eftir það er frjáls leikur/útivera, 16:00 sameinast deildar ýmist úti eða inni og lokar leikskólinn 16:30.

Hópastarf: Barnahópnum var skipt í fjóra hópa, hver hópur valdi sér nafn og var með ákveðin hópstjóra. Að þessu sinni hétu hóparnir Rósahópur (árg. 2019), Kisuhópur (árg. 2020, jan-okt), Einhyrningahópur (árg. 2020, nóv-des og árg. 2021) og Krókódílahópur (árg. 2022). Megin inntak hópastarfsins er: félagsfærni, vinátta, hreyfing, sköpun, lýðræði, útinám, göngutúrar, grænánaverkefni og könnunarverkefni. Könnunarverkefni skólaársins voru höfrrungar, fiðrildi, regnbogi og epli.

Vinastundir/málörvun: Farið er í vinastund á hverjum degi í minni hópum en þar er lögð áherslu á málörvun, félagsfærni og hafa gaman. Farið er yfir boðskiptareglur Bínu og eru um 2-3 verkefni tekin fyrir í hverri stund. Í þessum stundum er farið eftir áherslupáttum úr Handbók Skýjaborgar: Leikur mál og læsi.

Í fyrstu samveru hvernar viku er kynnt nýtt málhljóð með aðstoð Lubba sem síðan er farið nánar yfir í einni vinastund. Ein vinastund er einnig helguð vinnu með vináttu- og forvarnarverkefnið Blær.

Bína/boðskipti: Við vinnum markvisst með að styrkja boðskiptafærni barnanna með aðstoð Bínu. Bækurnar um Bínu eftir Ásthildi talmeinafræðing voru reglulega lesnar, myndir og veggspjöld yfir boðskiptareglurnar eru svo ávallt sýnileg. Starfsfólk ber einnig myndirnar um hálsin svo við getum

brugðist fljótt við í öllum aðstæðum og sýnt hvaða hegðun verið er að ætlast af barninu. Með þessari vinnu var verið að æfa sig í að sitja kyrr, hlusta, passa hendur, bíða, stoppa, skiptast á og muna.

Tónlistartímar: Börnin fá vikulegar tónlistarstundir í litlum hópum. Þessar stundir hafa verið í þróun undanfarin ár og eru orðnar fastur liður í okkar starfi. Afrakstur tónlistartímana hefur verið sýnilegur á árinu þar sem börnin voru til dæmis öll saman með atriði í aðventukaffinu og elsti hópurinn var með atriði í útskriftinni sinni. Við erum allar sammála um það hversu skemmtilegar og dýrmætar stundirnar eru fyrir börnin.

Hreyfing: Haustið 2024 var ákveðið að innleiða vikulegar hreyfistundir. Með þeim er verið að styðja við hreyfiproska barnanna og var lagt upp með að þær væru í útiveru einu sinni í viku. Þessar stundir vöktu mikla lukku og er stefnt að því að þeim verið haldið áfram.

Vorið 2025 var árlega danskennslan og vakti hún mikla lukku eins og alltaf. Danskennari kom í fimm skipti og í síðasta tímanum var opin tími þar foreldrar máttu koma og taka þátt.

Græfnáaleikskóli: Unnið var áfram með þemun *hnattrænt jafnrétti og neysla og úrgangur*. Í maí 2025 fengum við svo okkar áttunda grænfána.

Upplýsingaflæði: Við notum Karellen til að koma skilaboðum á framfæri og halda utan um viðveru barnanna. Deildarstjóri sendir tölvupóst á foreldra að minnsta kosti tvisvar í mánuði með fréttum af starfinu auk almennra upplýsinga. Tölvupóstar voru einnig sendir reglulega í tengslum við tónlistarstarfið og myndbönd voru útbúin fyrir foreldra. Við vorum virkar að skrifa á upplýsingatöfluna og reyndi starfsfólk í lok dags alltaf að gefa sér tíma í smá spjall og koma skilaboðum til skila á foreldra ef svo bar undir. Ef barn meiddi sig í leikskólanum var látið vita með skilaboðum á Karellen eða með því að hringja í foreldra. Foreldraviðtöl voru tvö á skólaárinu og foreldrar voru reglulega minntir á að alltaf væri hægt að leita til okkar.

Sumarstarfið: Frá júní til ágúst vorum við með sér sumardagskrá þar sem áhersla var lögð á meiri útiveru. Má þar nefna stöðvar í garðinum, útileiki, gönguferðir og uppbrotsdaga. Hver starfsmaður bar ábyrgð á ákveðjum verkefnum.

Lokaorð: Skólaárið sem er að líða hefur verið lærdómsríkt, krefjandi og skemmtilegt. Starfsfólkið á deildinni vann mjög vel saman og gekk starfið okkar heilt yfir mjög vel. Mottóið okkar er að vinna í lausnum og er það mjög einkennandi fyrir okkur sem vinnum í Skýjaborg. Það eru enginn vandamál, bara verkefni sem við þurfum að leysa og höfum við allar mikinn metnað fyrir því sem við erum að gera.

Í lok skólaársins er mér efst í huga þakklæti, þakklæti fyrir að fá tækifæri til að vera deildarstjóri á Regnboganum, þakklæti fyrir mitt frábæra samstarfsfólk, þakklæti fyrir frábæran hóp af foreldrum og þakklæti fyrir öll yndislegu börnin mín.

Kærleikskveðja frá öllum á Regnboganum.

Ásdís Björg Björgvinsdóttir, deildarstjóri.

Deildarskýrsla Dropans 2024-2025

Starfsfólk deildar

Bára: deildarstjóri, sá um almennt skipulag fyrir starfið á deildinni. Setti inn myndir í Karellen, málörvunarstundir við matarborð, sá um málörvunarstundir fyrir þau börn sem þurftu eitthvað aukalega. Var með Lubba málörvunarstundir og Blæ vinastundir.

Árdís: Sá um að stjórna deildinni í fjarveru deildarstjóra. Hélt skápum og baðherbergi þrífalegu. Málörvun við matarborð fyrir hádegismat, var með hópatíma. Sá um söngstundir eftir áramót.

Ingibjörg: Sá um málörvunarstundir við matarborðið, var með hópatíma, hélt föndurstofu þrífalegri.

Sonja: Sá um málörvunarstundir við matarborðið, var með hópatíma, fór á bókasafnið fyrir okkur.

Helga María: Sá um málörvunarstundir við matarborðið, var með hópatíma. Hélt fataklefanum snyrtilegum.

Karína: kom á Dropann í maí.

Pála: var með 100%stuðning. Fór yfir á Regnbogann í maí.

Sigurbjörg: leikskólasérkennari. Var ráðgefandi fyrir okkur og var með farsældina. Sá einnig um morgunmatinn á Dropanum.

Aga: leikskólakennari, sá um tónlistartíma hjá okkur einu sinni í viku.

Þórdís: leik- og grunnskólakennari, kom á fimmtudögum.

Ólöf: sérkennari, kom á miðvikudögum.

Barnafjöldi: Börnin voru að meðaltali 13 á deildinni í vetur. Alls byrjuðu 5 ný börn á skólaárinu á Dropanum.

Fastir sameiginlegir viðburðir deilda: Opið á milli deilda/deildarugl er að jafnaði einu sinni í viku. Afmælissamvera er einu sinni í mánuði og samsöngur einu sinni í viku. Dagleg samvera er ávallt á útisvæði og eru heimsóknir á milli deilda eftir getu og þörfum.

Starfið á deildinni

Leikskólinn opnar á Dropanum 7:30 með rólegri stund.

Morgunmatur er 8:30-9:00,

Frjáls leikur 9-9:30

Samvera og ávaxtastund er um 9:30/9:45

útivera 9:45

Málörvun 10:50-11

Matur: 11

Hvíld: 11:30

Hvíld/frjáls leikur/hópatími 12:30-14:20

Málörvun: 14:20-14:30

Nónhressing: 14:30-15

Frjálsleikur úti eða inni: 15-16:30.

Hópastarf: Barnahópnum var skipt í þrjá hópa og voru unnin ýmis spennandi föndurverkefni tengt þemu leikskólans.

Vinastundir/málörvun: Farið er málörvun á hverjum degi í minni hópum í stuttar stundir, þær stundir voru fyrir matmálstíma þegar börnin sátu við matarborðið. Sungið, lesið, þulur, spjallað, skoða bækur, fjölskyldu albúm, telja.

Lubba stundir: Voru einu sinni í viku og vorum við að kenna Lubba nýtt málhljóð, hlustuðum og sungum Lubba lagið og skoðuðum boxið saman.

Blær: Blæ stundir voru einu sinni í viku, allir fengu að halda á sínum bangsa, sungum og spjölluðum um vináttu.

Bína: Við vinnum með að styrkja boðskiptafærni barnanna með aðstoð Bínu. Bækurnar um Bínu eftir Ásthildi talmeinafræðing voru lesnar, myndir yfir boðskiptareglurnar eru svo ávallt sýnilegar.

Tónlist: Börnin fengu vikulegar tónlistarstundir með Ögu og voru öll börnin á Dropanum saman í þessum stundum.

Dans: Vorið 2025 var árlega danskennslan, Jóhanna danskennari kom í fimm skipti. Við á Dropanum fengum að hafa sér danstíma og höfðu börnin og starfsfólk gaman að þessum danstímum. Við ákváðum að hafa ekki sýningu fyrir foreldra, þetta er nóg fyrir þennan aldur.

Grænfánaleikskóli: Unnið var áfram með þemun *hnattrænt jafnrétti og neysla og úrgangur*. Í maí 2025 fengum við svo okkar áttunda grænfána.

Upplýsingaflæði: Við notum Karellen til að koma skilaboðum á framfæri og halda utan um viðveru barnanna. Deildarstjóri sendir tölvupóst á foreldra að minnsta kosti tvisvar í mánuði með fréttum af starfinu auk almennra upplýsinga. Tölvupóstar voru einnig sendir reglulega í tengslum við tónlistarstarfið og myndbönd voru útbúin fyrir foreldra. Við vorum virkar að skrifa á upplýsingatöfluna og reyndi starfsfólk í lok dags alltaf að gefa sér tíma í smá spjall og koma skilaboðum til skila til foreldra ef svo bar undir. Ef barn meiddi sig í leikskólanum var látið vita með skilaboðum á Karellen eða með því að hringja í foreldra. Foreldraviðtöl voru tvö á skólaárinu og foreldrar voru reglulega minntir á að alltaf væri hægt að leita til okkar.

Lokaorð: Búið að vera gott skólaár, góð samvinna, unnið í lausnum, mikið hlegið, lögðum okkur fram í samskiptum við foreldra, höfðum vellíðan barnanna alltaf í fyrsta sæti, mín tilfinning að minni fjarvera/veikindi hafi verið á starfsfólki.

Skipulagi breytt oft yfir veturinn því starfsfólk var alltaf tilbúið að breyta til að mæta þörfum barnanna sem best. Einnig þurftum við að hliðra til skipulagi þegar við vorum með aðlögun því það er alltaf þínu krefjandi tími bæði fyrir nýju börnin og reyndar allan barnahópinn.

Lengi vel vorum við með lítið skipulag því starfsfólki þótti það betra þar sem allir lásu svo vel í aðstæður hvað þurfti að gera og allir virkir. Virkilega góð samvinna milli deilda og fórum við mikið í heimsókn á Regnbogann.

Hefðum mátt vera virkari í gönguferðum, fórum ca 2 í mánuði.

Ég fer sátt, þakklát og glöð inn í sumarfrí eftir þennan góða vetur með frábæru fólki.

Takk fyrir mig

Bára Tómasdóttir

Skýrsla sérkennslu 2024-2025

Skýjaborg júní 2025

Leikskólasérkennari ásamt skólastjóra, deildarstjórum og sérkennara Heiðarskóla skoðuðu og ígrunduðu hvert barn að vori og mátu þörfina á sértækri íhlutun að hausti.

Fimm börn á Dropanum og tíu börn af Regnboganum fengu markvissa íhlutun af ólíkum toga vegna málþroska-, hegðunar- og framburðarvanda að hluta eða í allan vetur. Eitt barn var með stuðningsþjálfu og fékk þjálfunarstund daglega.

Tvö börn eru í farsældinni.

Reglulegir teymisfundir voru haldnir með foreldrum fimm barna.

Einstaklingsnámskrár voru unnar fyrir þá sem þurftu.

Markvisst var unnið eftir þeim og þær endurmetnar eftir þörfum með foreldrum. Þjálfun fór fram einstaklingslega eða í minni hópum þar sem reynt var að hafa daglega truflun í lágmarki. Félagsfærnisögur og myndræn skilaboð voru unnin fyrir þau sem þurftu.

Leikskólasérkennari sá um að leiðbeina starfsfólki og halda því upplýstu.

Sérkennari Heiðarskóla kom einn dag í viku. Hann vann á báðum deildum í samstarfi við deildarstjóra og leikskólasérkennara. Unnið var í samvinnu með áætlanir, skipulag og fyrirkomulag sérkennslu ásamt úrvinnslu á skimunarlistum sem gerðir voru. Sérkennari veitti ráðgjöf til foreldra og starfsfólks. Hann átti í samstarfi við aðra sérfræðinga skólans, sálfræðing og talmeinafræðing. Starf sérkennarans í samvinnu við leikskólasérkennarann, deildarstjóra og aðra starfsmenn fólst aðallega í því að koma auga á, efla og þjálfa þá þætti sem hindrað gætu barnið í að ná fullri færni og þar með auka lífsgæði þess. Margvíslegum aðferðum við stuðning, kennslu og þjálfun var beitt því um fjölbreyttan hóp með margar misjafnar þarfir var að ræða. Meginmarkmið var að efla málvitund, orðaforða, máltjáningu, málskilning, vitsmunaproska, hljóðkerfis- og hljóðavitund, ásamt því að vinna með tölur og talnaskilning, stærðir, liti, form, fín- og grófhreyfingar, hegðun og tilfinningar. Ýmist voru vinnustundirnar unnar maður á mann, eða í smærri hópum í sérrými, alrými eða útiveru.

Stuðningsteymið fundaði vikulega þar sem staðan var metin og ákvarðanir um framhald teknar. Einu sinni í mánuði voru teymisfundir með ráðgjafa MSHA, Írisi Hrönn, þar sem hún veitti teyminu ráðgjöf og handleiðslu.

Talmeinafræðingur kom sex sinnum á hvorri önn og fengu sex börn aðstoð hans. Leikskólasérkennari sá um þjálfun á milli heimsókna. Örfundir voru haldnir þegar þörf var á varðandi verklag og vinnu. Talmeinafræðingur skilaði dagsverki sínu og athugasemdum með tölvupósti til okkar og foreldra þegar átti við, mjög gott fyrirkomulag. Leikskólasérkennari sat skilafundi með talmeinafræðingi ásamt deildarstjóra.

Sálfræðingur kom eftir þörfum og fengu tvö börn aðstoð hans. Leikskólasérkennari sat skilafundi með sálfræðingi og foreldrum og fylgdi málefnum þeirra barna eftir.

Náið samband og samvinna var við heimili barna sem fengu íhlutun.

Öll gögn voru sett í möppu og merkt viðkomandi einstaklingi. Verkefni hvers tíma var skráð á skráningarblað í möppu og flest verkefni sem börnin unnu fóru einnig í möppuna. Börn sem útskrifast fá verkefnin með sér heim að vori.

Leikskólasérkennari sá alfarið um Hljóm-könnun og aðstoðaði deildarstjóra við TRAS og MIO skráningar. Setti inn í þjálfunarplan hjá þeim sem þurftu.

Helstu skimanir í leikskólanum sem sérkennarar leikskólans sjá um eru:

- Hljóm-2 er mælir hljóðkerfis -og hljóðavitund og er tekið hjá börnum sem eru í elsta árgangi leikskólans.
- Smábarnalistinn.- 15-38 mánaða.
- Íslenski þroskalistinn. -36 mánaða til 6 ára.
- Orðaskil.-18-36 mánaða.
- TRAS.- Gert jöfnum höndum á 6 mánaða fresti hjá öllum nemendum leikskólans.
- AEPS. -3 mán-6 ára. Þroskalisti góður við gerð einstaklingsnámskrár ef þarf.
- ABLLS-R.-3-9 ára. Þroskalisti góður til notkunar v/einstaklingsnámskrárgerð.
- Told-2P.- Málþroskamát- frá 4-9 ára aldurs.
- MOT. (hreyfiþroskaathugun). - Eftir þörfum frá 4 ára aldri.
- Athugun á hljóðkerfis og hljóðavitund – 5-7 ára, elsti árg. leikskólans eftir þörfum.
- Mio- skimun á fjölda og talnaskilningi ofl. hugtökum. -Gert jöfnum höndum á 6 mánaða fresti hjá öllum börnum leikskólans.
- Einnig eru önnur óstöðluð matstæki og óformlegar athuganir notaðar (áhorf og viðtöl) til að meta stöðu og framfarir barnanna.

Sigurbjörg Friðriksdóttir, leikskólasérkennari

Ólöf Guðmundsdóttir, sérkennari Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

7.5 Dagar og viðburðir á skólaárinu

Hér fyrir neðan er farið yfir daga og viðburði á skólaárinu þar sem skólastarfið er brotið upp, í Skýjaborg annars vegar og í Heiðarskóla hins vegar.

Skýjaborg

Hér fyrir neðan er farið yfir helstu árlegu viðburði í Skýjaborg. Leikskólastjóri gerir mánaðardagatal fyrir hvern mánuð í samstarfi við deildarstjórana. Dagatal er hengt upp í fataherbergi á báðum deildum og sett inn á heimasíðu skólans.

Foreldraviðtöl: Boðið var upp á tvö foreldraviðtöl yfir veturinn, í október/nóvember og mars. Vikurnar mátti sjá á skóladagatali. Foreldrar geta ávallt sóst eftir fleiri viðtölum ef þeim finnst þörf á og hafa þá samband við deildarstjóra eða leikskólastjóra til þess.

Dagur læsis 8. september (haldinn mán 9. sept): Bækur sérstaklega velkomnar og þær skoðaðar og sumar lesnar. Rifjuðum einnig upp að bækur eru ávallt velkomnar með í leikskólann.

Dagur íslenskrar náttúru 16. september: Í tilefni hans fóru börn og starfsfólk í göngutúr í sælureitinn Hundraðekruskóg og söfnuðu ýmsu skemmtilegu; sveppi, greinar, steina, köngla og blóm. Eftir hádegi var leikið í garðinum með náttúrlegan efnivið; könglar og blóm í sandkassanum, skeljar og grjón í karinu okkar fína, lékum í útielldhúsinu okkar og svo var gerður sandleir sem settur var á borðin úti. Við nýttum svo það sem við fundum í göngutúrnum okkar í leiknum með sandleirinn.

Kynningarfundir að hausti (Dropinn 19. sept og Regnboginn 20. sept): Deildarstjórar fóru yfir starfið á deildinni og helstu áherslur skólans.

Umferðarvika 17.-21. október: Umferðarvika að hausti.

Bleikur dagur í október: Á bleika deginum 23. okt. sýndum við samstöðu, klæddumst bleiku og höfðum bleikt í fyrirrúmi.

Alþjóðlegi bangsadagurinn 27. október (haldinn fös. 25. okt): Þá máttu börnin koma með bangsa í leikskólann og í náttfötum.

Hrekkjavaka: Búningadagur 31. okt. í tilefni Hrekkjavöku.

Baráttudagur gegn einelti 8. nóv: Héldum upp á afmæli Blæ.

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember (haldinn fös 15. nóv): Sönglög og þulur eftir íslenska höfunda kynntar börnum. Héldum upp á afmæli hans Lubba. 3. bekkur kom í heimsókn og las fyrir börnin þann 20. nóvember. Gunnar Helgason rithöfundur kom og las fyrir börnin þann 15. nóv.

Kveikt á jólatrénu, 28. nóvember: Börn og starfsfólk fóru og tendruðu ljósin á jólatrénu á Vinavelli. Við gengum í kringum jólatréð og sungum nokkur jólalög. Eftir að búið var að kveikja á jólatrénu bauð sveitarstjóri og starfsfólk stjórnsýrslu upp á mandarínur.

Smákökubakstur 26. nóv og piparkökur skreyttar 3. des: Börn og starfsfólk hjálpuðust að við skera út piparkökur í ýmsum stærðum og gerðum. Börnunum var boðið að koma með kökukefli, piparkökuform og svuntu að heiman og nýttu einhverjir sér það.

Fullveldisdagurinn 1. desember: Rósahópur var með atriði á Fullveldishátíðinni þann 28. nóv ásamt 1. bekk.

Foreldrakaffi: Í upphafi aðventu þann 6. desember héldum við foreldrakaffi í lok dags, kl. 14:15 (á föstudegi). Meðal annars var boðið upp á afrakstur smákökubakstursins. Í upphafi var foreldrum boðið á söngstund sem var sett upp eins og vikulegu söngstundirnar okkar.

Leikrit: Í kringum aðventuna höfum við fengið jólaleikrit í boði foreldrafélagsins. Að þessu sinni var það einleikurinn *Jólaötturinn og dulafulla kistan* sem kemur frá Leikhópnum Vinir. Sýningin var 2. desember.

Jólafatadagur: 17. desember voru allir hvattir til að mæta í jólalegum fötum (ekki sparifötum).

Litlu jólin: Voru haldin 12. desember. Þá hittumst við saman á Regnboganum, sungum jólalög og dönsuðum í kringum jólatréð. Í hádegismatinn var hátíðarmatur.

Bóndadagskaffi 26. janúar: Boðið var í kallakaffi í tilefni bóndadags. Öll velkomin.

Þorrinn: Á þorranum æfa börnin þorralög og einn dag var haldið þorrablót.

Dagur leikskólans 6. febrúar: Dagur leikskólans er haldin hátíðlegur ár hvert þann 6. febrúar, en í ár var mikið óveður. Í nónhressingu var vöflukaffi í tilefni dagsins, en annan dag var farið í skrúðgöngu um hverfið með hljóðfæri.

Konukaffi 23. febrúar: Boðið var í konukaffi í tilefni konudags. Öll velkomin.

Bolludagur 3. mars: Boðið var upp á fiskibollur í hádegismatinn og rjórabollur í kaffitíma.

Sprengidagur 4. mars: Boðið var upp á saltkjöt og baunir í hádegismatinn.

Öskudagur 5. mars: Allir máttu koma í grímubúningum eða náttfötum. Þá komu allir saman á Regnboganum, kötturinn sleginn úr tunnunni (snakkið úr pappakassanum) og haldið var ball.

Dagur stærðfræðinnar 14. mars: Í tilefni hans er boðið upp á allskonar stærðfræði stöðvar á Regnboganum.

Tannverndarvika 18.-22. mars: farið var yfir mikilvægi tannverndar með börnum.

Dans: Jóhanna danskennari kom og hafði 5 danstíma fyrir hópana í mars, annars vegar fyrir Regnbogann og hins vegar fyrir Dropann. 5. skiptið var opinn tími á Regnboganum þar sem foreldrum var boðið að koma og fylgjast með.

Dagur umhverfisins, 25. apríl (héldum upp á hann 23. apríl): Öll fóru saman út að tína rusl. Hjálpast að við að flokka ruslið í viðeigandi tunnur. Gaman að sjá hvað hverfið okkar er hreint og lítið af rusli, en okkur þótti þó miður hve mikið var af nikótínþúðum á víðavangi. Við gerðum sérstakan póst til að vekja athygli fólks á að henda í þúðunum í ruslatunnur.

Vorskóli elstu barna: 6., 7. og 8. maí var útskriftarárgangur í vorskóla í Heiðarskóla. Þá fóru börnin með skólarútunni að heiman, sóttu Heiðarskóla þrjá heila daga og komu ekkert í leikskólann.

Umferðarvika 12.-16. maí og hjóladagur 15. maí: Umferðarvika að vori. Eina viku í maí höldum við umferðarviku og höfum hjóladag í þeirri viku.

Sveitaferð 13. maí: Farið var í sveitaferð að Hvítanesi að þessu sinni. Bændurnir Margrét og Marínó tóku vel á móti okkur. Við fengum að sjá hænurnar og kalkúnana. Við fórum í fjósið og sáum nautin og kálfana og fengum að gefa þeim brauð. Við fórum í fjárhúsið, skoðuðum lömbin og þau börn sem vildu fengu að halda á lambi. Farið var í göngu- og fjórhjólatúr, fundum hreiður, hlupum í fjörunni og þeir sem vildu fóru aðeins að vaða í stígvélunum. Ýmsir fjársjóðir fundust í fjörunni. Í hádeginu grilluðum við pylsur og fengum djús að drekka með.

Útskrift 22. maí og vorhátíð Skýjaborgar og foreldrafélagsins: Útskrift var haldin 22. maí og vorhátíð Skýjaborgar og foreldrafélagsins strax í framhaldi af útskriftarathöfninni. Undir stjórn tónlistarkennara

var útskriftarhópurinn með tónlistaratriði. Eftir útskrift fóru allir út á vorhátíð. Í garðinum var hoppukastali, sápukúlur o.fl. Boðið var upp á pylsur, Latibær kom í heimsókn og söng og lék með börnunum.

Heimsókn á Slökkvistöðina 28. maí: Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar bauð elsta árgangi í heimsókn á slökkvistöðina í lokahóf verkefnisins *Slökkviliðið mitt – Aðstoðarmenn slökkviliðsins*. Útbúið var „leiksvæði“ fyrir börnin þar sem heilmikið var sulað og börnin fengu tækifæri til að prófa búnað slökkviliðsins. Börnin blotnuðu heilmikið og skemmtu sér mjög vel.

Útskriftarferð, 19. júní: Útskriftarhópurinn fór í útskriftarferð á Akranes. Farið var í skógræktina, Galito, bókasafnið og í lok ferðar bauð deildarstjóri upp á ís.

Vorsýning í Stjórnsýsluhúsinu: Árlegu vorsýningu okkar í Stjórnsýsluhúsinu var frestað fram í ágúst, stefnt á að halda á Hvalfjarðardögum.

Sumardagskrá Skýjaborgar: Hefð hefur myndast að útbúa sumardagskrá í júní fram að sumarlokun með uppbrotsdögum og öðruvísi fjöri í garðinum.

Söngstundir: Haldnar voru vikulegar söngstundir undir stjórn tónlistarkennara. Þá kom leikskólinn saman, söng nokkur lög saman og dansaði. Einu sinni í mánuði var afmælissamvera. Þá var einnig sungið fyrir afmælisbörn mánaðarins og eitthvað í boði, s.s. saltstangir eða ber.

Deildarugl: Var haldið einu sinni í viku. Þá er opið á milli deilda, börn leika sér saman þvert á deildir. Það datt þó eitthvað niður í kringum aðlögun.

Mannekla: Foreldrar voru beðnir að sækja fyrir (14:30) þann 23. Október, en náðum að halda opnu til 16:30 fyrir þá sem þurftu nauðsynlega.

Óveðursdagar: Þann 5. Febrúar voru foreldrar beðnir að sækja fyrir kl. 13:30 vegna slæmrar veðurspár. Þann 6. febrúar opnaði leikskólinn kl. 13:00 vegna rauðrar veðurvíðvörunar.

Heiðarskóli

Skólasetning 21. ágúst: Skólastjóri sagði frá komandi skólaári og setti skólann í 59. sinn. Teknar voru hópmyndir af hverju stigi. Námsþópar hittu umsjónarkennara í heimastofum og fengu afhentar stundatöflur. Að athöfn lokinn var boðið upp á kaffiveitingar.

Haustferð unglingastigs 28. ágúst: Gönguferð frá Hreppslaug og yfir Skarðsheiði. Sund í Borgarnesi og gisting í Skátaskálanum í Skorradal.

Haustferð miðstigs 28. ágúst: Skorradalur og sund í Borgarnesi.

Haustferð yngsta stigs 29. ágúst: Ölver.

Miðstigsleikar í Borgarnesi 5. september: Nemendur á miðstigi tóku þátt með samstarfsskólunum á Vesturlandi.

Dagur læsis 8. september: Hvert og eitt stig vann verkefni í tilefni dagsins.

Skólabúðir í Vindáshlíð 9. – 13. september: Nemendur í 9. bekk dvöldu í skólabúðum með nemendum úr samstarfsskólunum á Vesturlandi.

Gulur dagur: Allir sem vildu hvattir til að mæta í gulu og sýna þannig stuðning við geðheilbrigði og sjálfsvígsforvarnir.

Dagur íslenskrar náttúru 16. september: Skólastarfið fór fram í Álfholtsskógi, lögð áhersla á náttúruupplifun og samveru.

Smiðjur unglinga – alls 4 á skólaárinu. Unglingar lengur í skólanum í fjölbreyttum verkefnum.

Einstaklingsviðtöl við nemendur í september: Umsjónarkennarar tóku einstaklingsviðtöl við hvern og einn nemanda, áhersla á markmiðssetningu.

Langur dagur og fræðsluerindi 26. september: Langur dagur hjá nemendum og Aðalheiður Sigurðardóttir flutti erindið „Hvað liggur á bakvið erfiða hegðun?“ fyrir foreldra.

Kartöflur: Yngsta stig tók upp kartöflur að hausti og setti niður kartöflur að vori.

Olympíuhlaup ÍSí: Nemendur hlupu ýmist 2,5 eða 5 km.

Umhverfispema 7. – 11. október: Lífbreytileiki og náttúruvernd með áherslu á hafið var þema skólaársins. Nemendur unnu fjölbreytt og skemmtileg verkefni tengdu þemanu. Sýning fyrir aðstandendur á lokadegi.

Foreldraviðtöl 17. október: Börn og foreldrar mættu í viðtal hjá umsjónarkennara.

Bleikur dagur 23. október: Þeir sem vildu mættu í bleiku og sýndu þannig stuðning við konur sem greinst hafa með krabbamein.

Hrekkjavökudagur 31. október: Búningadagur

Baráttudagur gegn einelti 8. nóvember: Nemendur og starfsmenn stilltu sér upp í hjartalaga form og tekin var mynd af hópnum. Einnig klippti hver og einn nemandi sem vildi út hjartalaga form og ritaði hvatningarorð um góð samskipti. Hvoru tveggja var síðan hengt upp á vegg skólans og var mikið lesið og skoðað.

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember: Í tilefni dagsins mætti Gunnar Helgason, rithöfundur og las upp fyrir nemendur skólans úr bók sinni Stella segir bless.

Fullveldishátíð 28. nóvember: Nemendur á yngsta stigi ásamt börnum úr Rósahópi fluttu söngatriði og unglingastig sýndi leikrit.

Eldvarnarfræðsla 29. nóvember: Tveir slökkviliðsmenn heimsóttu nemendur í 3. bekk og voru með eldvarnarfræðslu.

Desember: Jólafondurstöðvar þar sem hver og einn gat farið á milli fjölbreyttra stöðva og föndrað.

13. desember: Jólamorgunstund, söngur og morgunkaffi. Foreldrum, frændum, frænkum, ömmum, öfum og systkinum boðið.

20. desember: Litlu jólin haldin hátíðleg. Jólabbal, stofujól og hátíðarmatur. Möndluverðlaun fyrir hvert stig.

28. janúar: Skíðaferð unglingadeildar.

Þorralót 30. janúar: Nemendur söfnuðust saman í matsalnum, sungu saman nokkur lög og hvert og eitt stig var með leik. Eftir samveruna var boðið upp á Þorramat.

Skólabúðir á Reykjum 3. – 6. febrúar: Nemendur í 7. bekk fóru í skólabúðirnar og unnu fjölbreytt verkefni ásamt nemendum úr samstarfsskólunum á Vesturlandi.

13. febrúar: Ball fyrir unglinga í Logalandi með samstarfsskólunum.

Foreldraviðtöl 20. febrúar: Nemendur voru vel flestir sjálfir búnir að undirbúa viðtalið og stýrðu því. Áhersla á lykilhæfni.

28. febrúar: Glimmerdagur: Dagur sjaldgæfra sjúkdóma. Þeir sem vildu mættu í glimmerfötum eða einhverju litríku.

Febrúar: Vika 6, unglingar tóku þátt með unglingum á Akranesi.

Öskudagur 5. mars: Búningadagur í skólanum, nammistöðvar og hæfileikakeppni.

11. mars: Undankeppni Stóru upplestrarkeppinnar í 7. bekk

14. mars: Karatekynning fyrir nemendur í 1. – 6. bekk.

14. mars: Íslandsmót iðn- og verkgreina fyrir nemendur í 9. og 10. bekk.

Dagur stærðfræðinnar 14. mars: Hvert og eitt stig vann spennandi stærðfræðiverkefni.

19. mars: Lokakeppni Stóru upplestrarkeppni Samstarfsskólanna á Varmalandi.

Danskennsla í mars - apríl: Jóhanna danskennari kom og kenndi dans. Danssýning fyrir foreldra barna í 1. – 7. bekk í lok námskeiðs. Unglingar völdu að taka ekki þátt í sýningunni.

Árshátíð Heiðarskóla 10. apríl: Nemendur í 3. – 7. bekk sáu um fjölbreytt og skemmtileg atriði. Kaffihlaðborð í boði foreldra í 6. – 10. bekk eftir sýningu.

Barnaþing 23. apríl: Þingið var fyrir nemendur í 5. – 10. bekk og haldið á vegum Hvalfjarðarsveitar í tengslum við innleiðingu á Barnvænu samfélagi. Nemendur á yngsta stigi héldu einnig sitt þing með starfsfólki skólans. Boðið var upp á pítstur fyrir alla og Villi naglbítur mætti á svæðið með skemmtiatriði.

Dagur umhverfisins 25. apríl: Nemendur mættu með skólabílum í fjöruhreinsun á Innnesinu. Grillaðir hamborgarar í Miðgarði fyrir heimkeyrslu.

Vorskóladagar og starfskynningar 6. – 8. maí: Elsti árgangur Skýjaborgar mætti með skólabílum í skólann og tók þátt í skólastarfinu samkvæmt stundaskrá. Nemendur í 1. – 9. bekk æfðu sig fyrir komandi skólaár með því að færast upp um bekk. Nemendur í 10. bekk fóru í starfskynningar.

Lyngbrekkuball 8. maí: Að þessu sinni sá Grunnskóli Borgarfjarðar um að halda Lyngbrekkuballið fyrir nemendur í 8. – 10. bekk samstarfsskólanna, ballið var í Logalandi.

Hjóladagar í maí: Þeir nemendur sem vildu mættu með hjól, línuskauta eða hlaupabretti og fengu að nota á skólatíma.

Survivordagur 16. maí: Skólastarfið fór fram í Álfholtsskógi. Áður hafði nemendum verið skipt upp í aldursblönduð lið sem fengu það hlutverk að hanna leiktæki, útbúa sprellatriði og velja nafn á hópinn sinn. Fjölbreytt og skemmtileg verkefni í skóginum. Grillaðir hamborgarar í matinn.

Vorferðir: Yngsta stig fór á Hvanneyri. Miðstig fór á eldgosasýningu í Hörpu og í sund í Álftaneslaug. Nemendur í 9. og 10. bekk fóru í fjögurra náttu ferð til Brighton og 8. bekkur fór til Reykjavíkur í Hreyfiherma og sund.

Unicef – hreyfingin 14 maí: Þríþætt verkefni í samstarfi við Unicef sem snýr að réttindafræðslu, hreyfingu og fjáröflun. Fjáröflunarhlutinn er valfrjál.

Íþróttadagur 30. maí: Nemendur tóku þátt í fjölbreyttum íþróttum og valinn var stigahæsti nemandinn úr hverjum bekk, stigahæsti bekkurinn og stigahæsti nemandi skólans. Sex knapar tóku þátt í töltkeppni.

Útskrift 10. bekkinga og vorhátíð Heiðarskóla og foreldrafélagsins 3. júní: Nemendur í 1. – 9. bekk mættu ásamt foreldrum og hittu umsjónarkennara í heimastofum og fengu afhentan vitnisburð vetarins. Eftir afhendingu vitnisburðar stóð til að vera með vorhátíð á skólalóðinni en vegna veðurs var það ekki mögulegt. Þess í stað var boðið upp á grillaðar pylsur og frostpinna innandyrar. Það tókst því miður ekki að vera með hoppukastala og candy floss vegna veðurs. Eftir vorhátíð mættu nemendur í 10. bekk ásamt nánustu aðstandendum á útskrift. Hátíðarkvöldverður að lokinni útskrift.

Óveðursdagar: Tveir skóladagar féllu niður vegna veðurs eða veðurviðvörunar og tvisvar var heimkeyrslu flýtt vegna slæmrar veðurspár.

Samfélagslögreglan: Kom af og til á skólaárinu og hitti ákveðna námshópa með gagnlega fræðslu.

Tónlistarskólinn á Akranesi: Tónlistarskólinn á Akranesi hélt úti kennslu í Heiðarskóla. Kennt var á gítar og píanó. Af og til voru haldnir hádegistónleikar í matsal skólans á vegum Tónlistarskólans.

Morgunsöngur: Morgunsöngur þar sem allir nemendur skólans hittust í matsalnum og sungu saman var að jafnaði einu sinni í mánuði.

8 Foreldrasamstarf

Samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla á foreldraráð að starfa í leikskólum og skólaráð í grunnskólum. Samkvæmt lögum má sameina þessi tvö ráð í sameinuðum skóla og var það gert í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar árið 2011. Starfsáætlun og helstu verkefni skólaráðs má finna í skólanámskránni og einnig heimasíðu skólans:

<https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/foreldrar/skolarad-1>

8.1 Skólaráð Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Skólastjórar sitja í skólaráði og boða til funda tvisvar sinnum á ári. Auk skólastjóra sitja í skólaráði þrír fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi almennra starfsmanna, tveir fulltrúar barna og einn fulltrúi grenndarsamfélags eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs. Skólastjórar hvetja foreldra til að bjóða sig fram til setu í skólaráði haust hvert. Ef ekki tekst að fá fulltrúa foreldra með því móti sér stjórn Foreldrafélags Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar um að velja þrjá fulltrúa sína til setu í skólaráði, tvo af grunnskólasviði og einn af leikskólasviði.

Í skólaráði 2024-2025 voru:

- Erna Elvarsdóttir, fulltrúi foreldra í Skýjaborg
- Eyrún Jóna Reynisdóttir, skólastjóri Skýjaborgar
- Ingibjörg Halldórsdóttir, fulltrúi foreldra í Heiðarskóla
- Sigrún Vigdís Gylfadóttir, fulltrúi kennara í Heiðarskóla
- Sigríður Lára Guðmundsdóttir, skólastjóri Heiðarskóla
- Sigríður Vilhjálmsdóttir, fulltrúi almennra starfsmanna í Heiðarskóla
- Sigurbjörg Anna Þorleifsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélagsins
- Sigurbjörg Friðriksdóttir, leikskólasérkennari og fulltrúi kennara í Skýjaborg
- Hildur Jónsdóttir, fulltrúi foreldra í Heiðarskóla
- Veronika Jara Heimisdóttir, fulltrúi nemenda í 9. bekk
- Oddur Ottesen, fulltrúi nemenda úr 10. bekk

Starfsáætlun skólaráðs:

- Fyrri fundur (september – október): Nýir skólaráðsfulltrúar boðnir velkomnir og farið yfir hlutverk skólaráðs, starfsáætlanir kynntar, farið yfir skólareglur. Upphaf skólaársins rætt. Árs- og sjálfsmatsskýrsla frá árinu áður lögð fram. Tillögur ráðsins fyrir fjárhagsáætlunarvinnu næsta árs lagðar fram. Önnur mál er tengjast skólastarfinu.
- Seinni fundur (febrúar – mars): Ýmis mál er tengjast skólastarfinu, farið yfir drög að skóladagatali næsta skólaárs.

Verkefni skólaráðs eru að:

- Fjalla um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir er varða skólastarfið.
- Fjalla um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefa umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar.
- Taka þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið.

- Fylgjast með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð barna.
- Fjalla um skólareglur og umgengnishætti í skólanum.
- Fjalla um erindi frá fræðslunefnd sveitarfélagsins, foreldrafélagi, kennarafundum, almennum starfsmannafundum, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti og öðrum aðilum og veita umsögn sé þess óskað.
- Taka þátt í öðrum verkefnum á vegum fræðslunefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra barna, foreldra eða starfsfólks skóla.

Fundargerðir skólaráðs má finna á slóðinni: <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/foreldrar/skolarad-1>

8.2 Foreldrafélag Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Í stjórn foreldrafélagsins sitja almennt 6 foreldrar, þrír fulltrúar grunnskólans og þrír fulltrúar leikskólans, auk tveggja starfsmanna af sitthvoru sviðinu.

Í aðalstjórn foreldrafélagsins 2024 - 2025 eru:

- Hildur Jónsdóttir - formaður
- Diljá Marín Jónsdóttir - gjaldkeri
- Ásta Marý Stefánsdóttir
- Elísabet Tómasdóttir
- Erna Elvarsdóttir

Áheyrnarfulltrúar

- Heiðarskóli: Hildur Jónsdóttir
- Skýjaborg: Diljá Marín Jónsdóttir

Varastjórn:

- Sigurbjörg Anna Þorleifsdóttir
- Andrea Ýr Arnardóttir
- Inga María Sigurðardóttir

Foreldrafélagið fundaði reglulega á skólaárinu og má finna fundargerðir félagsins á heimasíðu skólans: <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/foreldrar/foreldrafelag>

Foreldrafélagið stendur fyrir ýmsum árlegum viðburðum.